



Söguskinna

BÓKMENNTIR FYRIR MIÐSTIG

Lestrarráð!

Kæri nemandi

Allir námsmenn þurfa að temja sér góðar námsvenjur. Hér eru góð ráð sem gætu hjálpað þér við lestur.

Áður en þú byrjar lesturinn

- Skoðaðu bókina vel, myndir, kort og gröf.
- Lestu efnisyfirlit og kaflaheiti.
- Um hvað fjallar bókinn?
- Hvað veist þú um efnið?

Á meðan þú lest

- Finndu aðalatriðin.
- Skrifðu hjá þér minnispunkta.
- Gott er að gera skýringarmyndir eða hugarkort.
- Spurðu um það sem þú skilur ekki, t.d. orð og orðasambönd.

Eftir lesturinn

- Rifjaðu upp það sem þú last.
- Veltu fyrir þér hvað eru aðalatriði og hvaða atriði skipta minna máli.
- Hugsaðu um það sem þú hefur lært og tengdu við það sem þú vissir áður.
- Reyndu að endursegja textann með eigin orðum.

Söguskinna

BÓKMENNTIR FYRIR MIÐSTIG

ISBN 978-9979-0-1998-5

© 2016 Edda Pétursdóttir og Þórdís Gísladóttir

© 2016 höfundar og réttthafar eldri texta

© Sjá skrá yfir réttthafa teikninga og ljósmynda bls. 134

Ritstjórar: Elín Lilja Jónasdóttir og Sigríður Wöhler

Faglestur: Ingunn Óladóttir grunnskólakennari

Málfarslestur: Ingólfur Steinsson

1. útgáfa 2016

Menntamálastofnun Kópavogi

Leturgerð meginmáls: Shonar Bangla, 15 pt.


Hönnun og umbrot: Menntamálastofnun

Prentvinnsla: Prentækni ehf. – umhverfsvottuð prentsmiðja

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Sögu skínnna

BÓKMENNTIR FYRIR MIÐSTIG



Efnisyfirlit

1. KAFLI

| | |
|-----------------------------------|----|
| Flökkusögur | 4 |
| Hvað eru flökkusögur? | 6 |
| Kötturinn í örbylgjuofninum | 7 |
| Á skíðum skemmti ég mér | 8 |
| Síminn í jarðarförinni | 9 |
| Krókódílarnir í holræsunum | 9 |
| Konan sem prumpaði í bílnum | 10 |
| Mávurinn og hundurinn | 11 |
| Njálgurinn í nammibarnum | 14 |
| Uppskrift að nammi | 16 |
| Lokalygi | 18 |
| Í glasinu | 20 |

2. KAFLI

| | |
|--------------------------------------|----|
| Dagbækur og daglegt líf | 24 |
| Anna Frank | 26 |
| Erlend götummynd (1952) | 31 |
| Dagbók Ólafíu Arndísar | 32 |
| Daglegt líf í blokk | 42 |
| Fyrstu athuganir Berts | 44 |
| Tilviljun | 46 |
| Sérstakur dagur | 48 |

3. KAFLI

| | |
|---|----|
| Maður og náttúra | 50 |
| Plastrusl á sjó og landi | 52 |
| Hversu lengi eru hlutir að eyðast í náttúrunni | 54 |
| Stelpan frá Stokkseyri | 58 |
| Tekk | 59 |
| Maður sem byggði óvenjuleg hús | 60 |
| Kverkfjöll | 64 |
| Haustúpa | 65 |

4. KAFLI

| | |
|---|----|
| Á framandi slóðum | 66 |
| Aftur til Pompei | 68 |
| Á leið til Timbúktú | 80 |
| Garðálfar á flakki | 82 |
| Hundertwasser og garðálfarnir | 84 |
| Flugan sem dreymdi að hún væri örn | 85 |
| Agios Ammos | 86 |
| Pabbi kolkrabbi | 89 |
| Kolkrabbaveiðin | 92 |
| Indland | 96 |

5. KAFLI

| | |
|---|-----|
| Draugar og varúlfar | 98 |
| Draugurinn sem hló | 100 |
| Varúlfafræði | 110 |
| Hvernig verða menn varúlfar | 111 |
| Granninn | 112 |
| Varúlfar í Harry Potter og fleiri bókum ... | 114 |
| Ámundi og grátkonan | 116 |
| Týndu augun | 122 |

Staldráðu við ...



Ræðið saman, veltið fyrir ykkur, segið ykkar skoðun og hlustið á aðra.



Skrifið um efnið. Stundum er mikilvægt að rökstyðja skoðun sína. Leyfið hugmyndum ykkar að njóta sín. Þið getið skapað ykkar eigið skáldverk.








Gerðið ykkar eigin rannsókn á efninu. Finnið ítarlegri upplýsingar t.d. á bókasafninu, á veraldarvefnum eða með því að tala við aðra.



Tjáið og túlkið, t.d. með því að setja upp leikþátt, spunaverk, lesa upp, teikna, syngja eða dansa.



Vinnið saman í hóp. Þið þurfið bæði að setja fram ykkar hugmyndir og hlusta á hugmyndir hinna í hópnum. Mikilvægt er að hópurinn sé samstíga og þá þarf stundum að miðla málum, þ.e. að gefa eftir sína skoðun ef meirihluti hópsins vill það.



1. KAFLI

FLÖKKUSÖGUR

Hafið þið nokkurn tíma heyrt flökkusögu, einhverja skondna eða skelfilega sögu sem gengur manna á milli?

Í þessum kafla er fjallað um fyrirbærið flökkusögur sem þið kannist hugsanlega við þó að þið þekkið kannski ekki orðið. Margar af flökkusögunum eru þannig að ómögulegt er að vita hvort þær eru sannar eða hreinn skáldskapur. Oft eru þær fyndnar og forvitnilegar og lýsa vandræðalegum atvikum. Í kaflanum finnið þið líka stutta blaðaklausu frá þeim tíma þegar almenningur á Íslandi kannaðist ekki við poppkorn. Einnig er að finna ljóð sem er uppskrift að nammi. Í lok kaflans er svo leikrit sem þið getið leikið eða leiklesið.

Hvað eru flökkusögur?

Flökkusögur eða flökkusagnir eru sögur með upphaf, miðju og endi eins og flestar aðrar sögur sem við þekkjum. Þær gerast í samtímanum öfugt við margar aðrar sögur, t.d. þjóðsögur, sem gerðust oft fyrir löngu. Á öllum tímum hafa flökkusögur gengið í munnmælum á milli manna en þá segir fólk hvert öðru söguna og þannig hefur sagan flakkað á milli svæða og jafnvel á milli heimshorna. Eftir að fjölmiðlar og síðan tölvupóstar komu til sögunnar hefur útbreiðsla flökkusagna margfaldast, það er auðvelt að setja flökkusögu á netið og hún getur síðan farið með gríðarlegum hraða um allan heim á stuttum tíma.

Í flökkusögum er næstum alltaf byrjað á því að kynna persónur, segja hvar sagan gerist og tengsl milli sögupersónanna eru skýrð. Oft er það þannig að vinur einhvers vinar á að hafa sagt söguna þeim sem segir hana. Röksemdin fyrir því að sagan sé sönn byggist á því að sá sem segir hana þekkir einhvern sem kannast við persónu sem lenti í því sem sagan segir frá. Stundum er sagan líka þannig að bróðir, systir, mamma, pabbi eða frændi sögumanns hefur upplifað atburði sögunnar. Upphaf flökkusögu gæti til dæmis verið: „Frændi vinar systur minnar lenti í því að ...“ og síðan er sagt frá einhverju sem kom fyrir þennan frænda. Flökkusögurnar endurspegla oft hræðslu okkar við eitthvað framandi, til dæmis nýja tækni, ókunnugt fólk, hverfi sem við þekkjum ekki, dýr sem við erum ekki vön eða eitthvað annað sem okkur finnst grunsamlegt. Oft segja flökkusögur líka frá einhverju vandræðalegu sem við óttumst kannski að lenda




Hefur þú
heyrt um ... ?

Í og margar sögurnar fjalla líka um mat sem fólk veit að er ekki sérlega hollur. Til dæmis eru til margar flökkusögur um matinn á skyndibitastöðum sem á þá að vera búinn til úr einhverju sem okkur finnst ógeðslegt, eins og rottukjöti. Flökkusagan um njálginn í nammibarnum sem þið lesið hér á eftir er einmitt slík saga. Það sem er sérlega skemmtilegt við flökkusögur er að þær gætu verið sannar, sennilega eru þó færstar þeirra sannleikanum samkvæmar.

Kötturinn í örbylgjuofninum

Það var gömul kona – gott ef það var ekki amma hans Gunna, vinar hans Halla – sem var vön að setja köttinn sinn í bakaraofninn þegar hún var búin að baða hann, þú veist til að þurrka á honum feldinn. Nema hvað, ein jólin fékk hún örbylgjuofn frá börnum og barnabörnum og næst þegar hún baðaði köttinn ákvað hún að prófa nýja ofninn. Kötturinn steiktist í gegn eða sprakk eða eitthvað ...




Margar sögur eru til úr sveitinni þar sem yfirgefin lömb eru tekin heim í bæinn og þeim hlýjað í bakaraofninum. Þessi lömb fá oft mjólk úr pela og eru kölluð heimalningar þar sem þau eru alin upp heima á sveitabænum.




Á skíðum skemmti ég mér ...



Það var kona á skíðum í Bláfjöllum og á leiðinni niður eina brekkuna var henni allveg rosalega mikið mál að pissa.



Hún brá sér á bak við næsta stein og settist á hækjur sínar. Hún tók náttúrulega ekki af sér skíðin ...



... og þegar hún er sest rennur hún af stað með allt niður um sig.



Hún getur ekki stöðvað sig og kútveltist bara niður brekkuna. Hún fékk einhverjar skrámur, aðallega á rassinn.

Jæja, síðan fer hún á Slysó og á biðstofunni situr maður í skíðagalla með höndina í fatla. Þau fara eitthvað að tala saman og hún spyr hann hvað hafi komið fyrir höndina. „Ja, þú trúir þessu nú aldrei. Ég var að skíða niður í rólegheitum þegar allt í einu kom hálfnakinn kona, sitjandi á skíðunum, brunandi niður brekkuna. Nú mér varð svo starsýnt á hana að ég missti jafnvægið og datt.“



Flökkusögur eiga margt sameiginlegt með gömlum þjóðsögum. Í þjóðsögunum segir oft frá fólki eða verum á dularfullum og framandi stöðum sem hegða sér öðruvísi en við. Við þekkjum til dæmis álfa og tröll úr íslenskum þjóðsögum, einbúa og einnig furðudýr, en í flökkusögum nútímans er stundum sagt frá einkennilegu fólki eða furðulegum dýrum í fjarlægum löndum eða á framandi stöðum í borgum.

Síminn í jarðarförinni

Það var ungur maður sem dó nokkuð snögglega, frekar ungur, ég man nú ekki alveg hvort hann varð bráðkvaddur eða eitthvað svoleiðis. Konan hans ákvað að láta jarða hann í sparifötunum. Jæja, hann var klæddur í sparifötin og kistulagður og síðan fór jarðarförin fram. Í kirkjugarðinum, þegar kistan var látin síga ofan í gröfina, fór farsíminn hans að hringja.

Krókódílarnir í holræsunum


Það var einu sinni í tísku hjá íbúum New York, sem fóru í frí til Flórída, að koma með krókódílsunga heim og hafa þá sem gæludýr. Þegar ungarnir stækkuðu losaði fólk sig við þá með því að sturta þeim niður í klósettið. Sumir þeirra lifðu í holræsunum undir borginni og núna er heil nýlenda af krókódílum sem hafa lagað sig að aðstæðum og lifa góðu lífi þarna niðri. Sumir segja að þeir séu bæði blindir og albínóar vegna þess að þeir lifa í stöðugu myrkri.



Konan sem prumpaði í bílnum

Það var miðaldra kona sem át mjög mikið af baunasúpu í kvöldmat. Svo fór hún með manninum sínum út í búð að kaupa snakk til að eiga um kvöldið. Á meðan hún fór inn í búðina beið maðurinn í bílnum þeirra fyrir utan. Það var svolítið mikið að gera í búðinni og á meðan konan beið í biðröð við kassann varð henni rosalega illt í maganum. Hún vildi ekki prumpa í röðinni og hélt í sér. Þegar konan var búin að fá afgreiðslu hljóp hún hratt út úr búðinni, óð að bílnum, opnaði dyrnar og henti snakkinu inn í aftursætið. Svo settist hún í farþegasætið og prumpaði rosalega hátt og mikið.

– Hvers vegna keyrirðu ekki af stað? sagði konan. Svo sneri hún sér að manninum og sá að það var ekki maðurinn hennar sem sat við hliðina á henni. Þetta var ókunnur maður því hún hafði sest inn í rangan bíl.



Mávurinn og hundurinn

Vinur minn þekkir fólk sem langaði í lítinn hund. Þau ákváðu að fá sér tjúahund, sem er minnsta hundategund í heimi. Þau keyptu hundinn í dýrabúð og hann var frekar dýr. Á leiðinni heim komu þau við á kaffihúsi. Það var gott veður og þau settust fyrir utan kaffihúsið og pöntuðu sér kaffi. Þegar kaffið kom settu þau hundinn við hliðina á kaffibollanum á borðið til að taka krúttlega mynd sem þau gætu sett á netið til að sýna vinum sínum hvað hann væri lítill. Þá kom skyndilega mávur fljúgandi og greip hundinn og flaug með hann í burtu. Hundurinn fannst aldrei.

Flökkusagnagreining er tegund fræða sem kennd eru innan fræðigreinarinnar þjóðfræði en þjóðfræði er til dæmis hægt að læra við Háskóla Íslands. Þar safna nemendur og kennarar flökkusögum og skrá þær niður.

Í flökkusögum þekkir sögumaður persónurnar eða tengist þeim.

Flökkusögur

- hafa upphaf, miðju og endi
- flakka á milli manna
- gerast í samtímanum
- fjalla oft um það sem er nýtt eða framandi
- geta verið sannar en eru oftast ýktar

Staldráðu við ...



1. Haldið þið að atvikin í sögunum séu raunveruleg? Nefnið dæmi.
2. Hvaða atriði eru ótrúverðug? Hvers vegna?
3. Hvaða flökkusögur hafið þið heyrt?
4. Hvaða sköndnum aðstæðum hafið þið lent í sem hægt er að skrifa um?
5. Er sagan ykkar flökkusaga? / Gæti sagan ykkar orðið flökkusaga?



Veldu a) eða b)

6. a) Veldu flökkusögu og gerðu myndasögu um hana.
b) Skrifaðu þína eigin flökkusögu.



7. Hvernig tengjast flökkusögur og brandarar?
 - Hvað er líkt og hvað er ólíkt?
8. Hvernig eru brandararnir sem þið kunnid?
 - Hvaðan koma þeir?
 - Hvernig lærðuð þið þá?



9. Undirbúið flökkusögu eða brandara til að flytja fyrir bekkinn.
 - Finnið flökkusögu eða brandara og skrifið niður.
 - Hvernig ætlið þið að flytja atriðið ykkar? Ætlið þið að segja frá eða búa til leikþátt? Þurfið þið að finna búning og/eða leikmuni?
 - Hafið í huga atriði um skýra framsögn.

POP-CORN!

HVAÐ er nú það? — Pop-Corn er einskonar brauðtegund, sem er uppáhald íþróttamanna, bæði vestan hafs og austan. Íþróttamenn borða Pop-Corn þann tíma, sem þeir hjálfa sig, því Pop-Corn er þrungíð bætiefnum, það er styrkjandi og nærandi, en fitar ekki. — Pop-Corn borða skólabörn sem sælgæti. — Ferðamenn hafa það sem nesti. Konur, sem vilja ekki fitna, borða það með kaffi og tei. — Íþróttamenn látið Pop-Corn hjálpa ykkur til að setja ný met. — Pop-Corn er á leiðinni til landsins og fæst bráðum í hverri búð. — Umboðsmaður fyrir Ísland er MAGNÚS KJARAN, LIVERPOOL.

POP-CORN er selt í pökkum á eina krónu.

Ræðið þessa auglýsingu sem birtist í Morgunblaðinu 14. júlí 1928. Þá var poppkorn næstum óþekkt á Íslandi, hvað hefur breyst? Skrifðu stutta lýsingu á poppkorni eins og þið þekkið það í dag.



Njálgurinn í nammibarnum

Fyrir nokkrum árum, skömmu eftir að nokkrar matvöruverslanir byrjuðu að hafa opið allan sólarhringinn, fór sú flökkusaga af stað og barst um allt landið að maður hefði keypt poka af nammi handa börnunum sínum í stórmarkaði og fundið njálg í sælgætinu þegar heim var komið. Njálgur er sníkjudýr, ormur sem lifir í þörmum manna og veldur kláða í rassinum ef menn smitast. Þjóðfræðinema, sem staddur var á Akureyri, var sagt frá því að það væru maðkar í nammibarnum í búið í bænum. Á svipuðum tíma heyrði annar þjóðfræðinemi svipaða sögu í Reykjavík. Þeir skráðu söguna niður. Skömmu síðar fór flökkusagan að berast á milli manna með tölvupósti og var hún á þessa leið:

Þannig er mál með vexti að maður einn sem verður ekki nafngreindur hér fór með börnin sín tvö í nammiland í stórverslun. Þau fylltu einn poka af nammi og fóru með heim. Þegar heim var komið sturtaði maðurinn namminu í stóra skál en þá sá hann eitthvað furðulegt. Þegar hann fór að skoða betur í skálina sá hann hreyfingu á sælgætinu og rótaði í því og sá þá litla maðka í namminu! Þessir maðkar eru kallaðir njálgur. Við ættum því að hugsa okkur um áður en við verslum í svona nammibörum. Þú veist aldrei hver hefur verið þarna á undan þér og sama hvort þú trúir því eða ekki þá eru ekki allir jafn snyrtilegir og þú. Sumir þvo sér til dæmis aldrei eftir klósettferðir og ekki gott að segja hvað sá einstaklingur er búinn að vera að meðhöndla með höndunum. Ég vona að þú hugsir þig vel um. Endilega láttu alla vita sem þér þykir vænt um og ekki hika við það. Maðurinn sem í þessu lenti fór með pokann aftur í verslunina þar sem honum var mútað með peningum til þess að þegja yfir þessu.

Njálgur í nammibarnum!

Sú flökkusaga gengur um netheima að ýmist saurgerlar eða njálgur hafi fundist í sælgætisbar verslunar á höfuðborgarsvæðinu. Neytendasíðu DV hefur á síðustu dögum borist fleiri en ein ábending um þetta. Hið sanna er að um flökkusögu er að ræða.



20. janúar 2009: Nemi í þjóðfræði við Háskóla Íslands er staddur á Akureyri þar sem honum er sagt frá njálg í nammibar. Viðmælandinn segist halda að hann viti nákvæmlega í hvaða búð þetta var og þjóðfræðinemi skráir þetta hjá sér. Sama dag skráir annar þjóðfræðinemi sama orðróm í Reykjavík. Sá sem segir honum frá þessu segir vinkonu sína hafa sett viðvörun um njálg í nammibar á vinsælan spjallvef á netinu. Hún segist vita að njálgurinn hafi verið í nammibarnum og orðar það svona: „... því það var stelpa sem sagði vinkonu minni frá þessu og vinkonan sagði mér ...“

5. mars 2009: Flökkusagan berst um allt land og er orðin mun nákvæmari en orðrómurinn sem þjóðfræðinemiarnir heyrðu. Meðal annars kemur fram að pabbanum sem fann njálginn í sælgæti krakkanna sinna hafi verið mútað af versluninni til að þegja yfir njálgnum.

12. mars 2009: Nammibarsnjálgurinn kemst í fjölmiðla og framkvæmdastjóri verslunarinnar, sem tengd er við söguna, segir hana ekki sanna og að engum hafi verið greitt fyrir að þegja yfir njálg í nammibarnum.

Uppskrift að nammi

Fyrst er tonn af sætri sykurvoðu
soðið og þeytt í froðu.

Þá af fitu mátulega mikið
til að mýkja spikið.

Bætið í tunnu af lit svo það líti betur út
og líkist ekki grút.

Bragðið næst ég nefni:
Notist helst ekta gerviefni.

Til að auka styrk og stillingu:
Stóran skammt af efnum sem veita fyllingu.

Af rotvarnarefnum sjö ríflega kekki
(svo við rotumst ekki).

Úr þessu skal svo kúlur og klessur laga
og kyngja niður í maga.

Eftir dásamlegt laugardagssælgætissukk
á sunnudegi breytist þetta jukk
í litaðan, sætan, rotvarðan kvoðukukk.

grútur: bráðin fisklifur, lýsi

Þórarinn Eldjárn



Staldraðu við ...



1. Finnið uppskrift í matreiðslubók og prófið að setja hana fram í ljóði eins og Þórarinn Eldjárn gerir í „Uppskrift að nammi“.



2. Á umbúðum af sælgæti er oftast að finna innihaldslýsingu. Skoðið innihaldslýsinguna á nokkrum tegundum af sælgæti. Kom eitthvað á óvart? Hvað var það?



3. Ákveðið hefur verið að setja upp hollustu-nammibar í skólanum og halda samkeppni um bestu hugmyndina.

- Vinnið saman og skrifið niður eða teiknið nammibar þar sem hollusta er höfð að leiðarljósi.
- Hvernig myndi hollustu-nammibarinn ykkar líta út?
- Leitið upplýsinga í bókum og á netinu um innihald og hollustu ákveðinna fæðutegunda.
- Kynnið ykkar nammibar fyrir bekknum. Rökstyðjið valið og hvers vegna tillaga ykkar ætti að vinna samkeppnina.



Lokalygi

Einu sinni voru kóngur og drottning í ríki sínu og karl og kerling í garðshorni; þau áttu sér einn son sem Loki hét, en kóngur og drottning eina dóttur. Konungur hafði heitið þeim manni dóttur sinni sem gæti sagt sér það sem hann tryði eigi. Höfðu margir reynt það, en engum hafði það tekist, því konungur var manna heimskastur og fjarska trúgjarn.

Nú tekur Loki sig til og býr sig heim í kóngsríki og sagðist vilja segja kóngi sögu. Kóngur leyfði honum það og byrjaði strákur þá söguna. Hún hljóðar þannig: „Einu sinni var ég í eldhúsi hjá móður minni. Hún var að þeyta **flautir** í kollu og uxu svo mikið flautirnar að það fór að renna út úr kollunni svo að fylltist eldhúsið og fór að renna út úr því; en áður langt

leið sást hvergi í dökkvan díl. Fór ég þá að ganga og leita ef ég fyndi nokkurs staðar dökkvan díl. Fyrst gekk ég í hundrað ár og sá ég hvergi í dökkvan díl, en að hundrað árum liðnum sá ég eitthvað dökkt og gekk ég þangað og var það þá færilús, og gekk ég þá inn í hana og kom þar á græna og grasi vaxna völlu. Og þá fór ég að



flautir: þeytt undanrenna

hlaupa og hljóp þá í langan tíma en loksins fór ég að mæðast og svitna. Fór ég þá að kasta af mér fötunum þangað til ég var orðinn klæðlaus. Kastaði ég þá af mér handleggjunum og þar næst höfðinu og svo kastaði ég af mér báðum fötunum og þá hljóp ég sem harðast. „Á hverju hljópstu þá, Loki minn?“ sagði kóngur. „Á lyginni og tveimur puntstráum.“ „Því lýgurðu!“ sagði kóngur. Og fékk strákur síðan dóttur kóngsins er hann gat sagt honum það sem hann trúði ekki.

Úr Þjóðsögum Jóns Árnasonar.

Staldráðu við ...



1. Kóngurinn er trúgjarn, hvað þýðir það?

2. Ræðið söguna í bekknum:

- Hvað er trúlegt og hvað er ekki trúlegt?
- Finnið þau atriði þar sem Loki er að ýkja.



3. Hvað er færilús? Leitið upplýsinga á netinu.



4. Prófið að setja söguna hans Loka upp í stuttum setningum líkt og um leiðbeiningar væri að ræða.

5. Veldu ævintýri sem þú þekkir og endurskrifaðu það sem blaðagrein. Hafðu það lyginni líkast, t.d.

- Lifði af 100 ára svefn (Þyrnirós)
- Úlfur í kvenmannsfötum fannst í brunni (Rauðhetta)
- Litla gula hænan opnaði bakarí.


Hafðu í huga spurnarorðin:

Hvað? Hvenær? Hvar? Hver? Hvers vegna? Hvernig?

Leikritið *Í glasinu* eftir Sölku Guðmundsdóttur fjallar um krakka sem fara saman í andaglas. Þegar langamma skerst í leikinn gerast óvæntir og ótrúlegir atburðir.

Persónur: A, B, C, langamma, legókall/Gonsaló Gonsales
(A, B og C eru að undirbúa andaglas.)

- A:** Það er bannað að sleppa þótt glasið fari að hreyfast.
- B:** (Með óttasleginni röddu:) Ég trúi ekki á svona. Þetta er bara rugl.
- C:** Frænka ömmu vinkonu systur minnar þekkti mann sem átti frænda sem fór í andaglas og andinn fór inn í ermina á úlpunni hans og þegar hann var að labba heim um nóttina lét andinn hann kyrkja sjálfan sig.
- B:** Þú ert að ljúga. Ég trúi sko ekki á svona.
- A:** Uss! Nú byrjum við. (Þau styðja fingrum á glasið.)
Er andi í glasinu? Er andi í glasinu?
- C:** (Með draugalegri röddu:) Ja-a-a-a-á ...
- B:** (Æpir af hræðslu, svo:) Hættu þessu! Þetta er ekkert fyndið!
Það eru ekki til neinir andar!
- A:** Uss! Það verður að taka þetta alvarlega ef það á að virka. Byrjum aftur. Er andi í glasinu ...? Er andi í glasinu?
- C:** Systir frænda vinar stjúppabba míns var einu sinni í andaglas á Patreksfirði og þá kom andi í glasið sem var morðingi og sagðist ætla að ...
- B:** Hættu! Ég vil þetta ekki! Ég vil hætta!
Þetta er asnalegur leikur!
- A:** Það er ekki hægt að hætta við! Kannski er kominn andi í glasið og þá sleppur hann út ef við hættum núna. (Glasið hreyfist skyndilega og þau hrökkva öll í kút.)



LANGAMMA:

(Mjög gömul og gengur við staf, kemur inn án þess að þau sjái hana.) Krakkar mínir? Eruð þið hérna? (A, B og C öskra og stökkva í burtu. Glasið rúllar um koll.)

A: Langamma! Við erum ... við erum bara að sko ... leika okkur ... eða þú veist ...

LANGAMMA:

Ég ætlaði nú bara að athuga með ykkur. (Sér glasið.)
Æ, er nú ekki óþarfi að skilja óhreint leirtau eftir á gólfinu?
(Langamma tekur glasið upp, krakkarnir æpa af hræðslu.)

C: Ekki taka glasið! Það gæti verið andi í því!

LANGAMMA:

Andi? Hvaða vitleysa! Þið eigið nú að vita að það eru engir andar ... ða ðaþ ure rigne ... rigne radna ... rigne ...

A: Langamma?!?

(Langamma verður mjög undarleg. Hún þagnar með opinn munninn, deplar augunum hratt, lætur glasið detta, hristist dálítið og ranghvolfir í sér augunum. Krakkarnir standa stjarfir.)

B: Uuuu ... er allt í lagi með þig?

LANGAMMA:

(Rekur upp illskulegan hlátur.) Ég er hinn mikli Gonsaló Gonsales! Heimsmeistari í steppdansi með frjálstri aðferð árið 1897! Loksins hef ég eignast nýjan líkama og get dansað eins og mig lystir! (Langamma brestur í trylltan dans með stafinn. Hún gerir alls kyns kúnstir, hoppar og skoppar, lætur krakkana dansa við sig. Þeim tekst loks að sleppa og þau hópast saman til að leggja á ráðin.)

C: Hvað eigum við að gera?

A: Hún er óstöðvandi – ég meina hann – ég meina langamma – eða sko Gonsaló Gonsales!

B: Ég vissi að þetta myndi fara illa! Ég vissi það!

A: (við C:) Sagði frænka vinkonu frænda afa konu systur bróður þíns þér ekki hvernig maður ætti að koma andanum aftur út?

C: Uh ... nei ... ég meina, kannski ef maður lætur hana ropa ... eða ryksugar andann einhvern veginn út um eyrun eða ... eða ... út um munninn kannski eða ...

B: Nei! Ég veit! Við gerum eins og á skyndihjálparnámskeiðinu!

A og C:

Skyndihjálparnámskeiðinu?

(B sýnir A og C með látbragði hvernig beita skuli skyndihjálpartaki til að ná aðskotahlut úr hálsi. Þau læðast að langömmu, grípa hana og beita takinu. Langamma berst á móti, hristist og skelfur, en hóstar loks upp legókalli.)

LANGAMMA:

Hvað ... hvað gerðist?

LEGÓKALL/GONSALÓ:


Ha? Nei! Neeeee! Hvað hafið þið gert mér? Ég skal ná mér niðri á ykkur! Hinn mikli Gonsaló gefst aldrei upp!

(B tekur öskrandi legókallinn Gonsaló upp og lætur detta í glasið. A vefur trefli þéttingsfast utan um glasið og C hendir því út í buskann.)

Staldráðu við ...



1. Vinnið saman í hópum.
 - Gefið persónunum í leikritinu nafn.
 - Hvað eru þær gamlar?
 - Hvernig eru tengsl þeirra?
 - Hvar gerist leikritið?
 - Á hvaða tíma dagsins?
 - Á hvaða árstíma?
 - Hvað er það við leikritið sem minnir á flökkusögur?
2. Raðið í hlutverk, æfið leikþáttinn og flytjið fyrir bekkjarfélaga.



2. KAFLI

DAGBÆKUR OG DAGLEGT LÍF

Hvers vegna skrifar fólk dagbækur? Dagbók inniheldur texta þar sem manneskja skrifar um daglegt líf sitt og vangaveltur. Stundum skrifar fólk daglega í dagbókina sína en stundum líður lengri tími á milli dagbókarfærslna. Fólk á öllum aldri hefur skrifað dagbækur en þó eru þær oftast tengdar ungu fólki. Sumir skrifa leynilega dagbók með leyndustu hugsunum sínum á meðan aðrir skrifa opinberar dagbækur, til dæmis blogg. Einnig eru til ferðabækur sem eru í dagbókarformi og segja þá jafnvel frá undirbúningi ferðalags og ferðinni sjálfri. Dagbækur eru oft góðar heimildir um líf fólks og tímabilið sem bækurnar voru skrifaðar á, til dæmis dagbókin hennar Önnu Frank sem sagt er frá í kaflanum hér á eftir.



Anna Frank fæddist í Frankfurt am Main í Þýskalandi 12. júní 1929. Dagbókin hennar er ein þekktasta dagbók allra tíma og dýrmæt heimild um líf fólks sem reyndi að forða sér undan ofsóknum nasista gegn gyðingum í seinni heimsstyrjöldinni. Anna byrjaði að skrifa dagbókina þegar hún var þrettán ára og bókin hefur verið þýdd á fleiri en fimmtíu tungumál.

Skömmu eftir að Hitler komst til valda í Þýskalandi árið 1933 flúðu foreldrar Önnu Frank, Otto og Edith, til Hollands með Önnu og systur hennar Margot. Árið 1940 réðust Þjóðverjar inn í Holland og fjölskyldan fór í felur til að reyna að komast undan því að verða send í útrýmingarbúðir. Þau fluttu af heimili sínu í júlí árið 1942 og inn í leynilega íbúð á háalofti í Amsterdam þar sem þau földu sig með fleira fólki. Vinir þeirra útveguðu þeim mat og aðrar nauðsynjar en einhver kom upp um þau og Anna Frank og fjölskylda hennar voru handtekin 4. ágúst 1944. Þau voru fyrst send í útrýmingarbúðirnar Auschwitz í Póllandi þar sem Edith lést. Anna og Margot voru síðan sendar í útrýmingarbúðirnar Bergen-Belsen í Þýskalandi þar sem þær dóu báðar úr taugaveiki í mars 1945. Faðir þeirra, Otto Frank lifði af og fór aftur til Hollands þegar stríðinu lauk vorið 1945. Þar fékk hann dagbók dóttur sinnar sem vinir fjölskyldunnar höfðu geymt.



Börn í fangabúðum nasista í seinni heimsstyrjöldinni.

Úr dagbók Önnu Frank

Mánudagskvöld, 8. nóvember 1943.

Kæra Kitty!

Ef þú skyldir einhvern tíma lesa þessi bréf mín í samhengi, þá hlýtur þú að taka eftir því, að þau sýna greinilega hvað misjafnlega liggur á mér. Mér leiðist, hvað lundin er háð umhverfinu hérna, en ég er ekki ein um það. Hitt fólkið er þar litlu betra. Lesi ég einhverja bók, sem snertir mig mikið, þá þarf ég að taka mig saman í andlitinu, áður en ég læt nokkurn sjá mig. Annars héldi fólkið, að ég væri ekki með öllum mjalla. Ég er í döpru skapi núna, og það hefur þú sjálfsagt fundið, en ég veit ekki sjálf, hvernig á því stendur. Ég hugsa, að það stafi af því, að ég er of kjarklaus, enda þótt ég sé alltaf að reyna að stappa í mig stálinu.

Í kvöld, á meðan Elli var hérna, var dyrabjöllunni hringt lengi. Ég náfölnaði undireins, fékk magaverk og hjartslátt af eintómri hræðslu. [...]

Mér finnst við og leyniheimilið okkar vera eins og örlítill heiðríkjublettur umkringdur svörtum óveðursskýjum á alla vegu. Þessi litli blettur er að vísu ennþá öruggur, en skýin dragast þéttar saman í kringum okkur og yfirvofandi hættur þokast nær og nær.

Þín Anna.

Hvers vegna er
Anna döpur?

Þriðjudagur, 4. apríl 1944.

Kæra Kitty!

Um langt skeið hef ég ekki hugmynd um, til hvers ég er að taka mér nokkuð fyrir hendur. Stríðslokin eru enn óralangt í burtu, óraunveruleg, líkust ævintýri. Ef ófriðnum lýkur ekki í haust, fer ég aldrei í skóla frammar. Ég kæri mig ekki um að vera tveimur árum á eftir bekkjarsystkinum mínum. Pétur, og ekkert nema hann, er í huga mér alla daga og nætur, þangað til á laugardaginn, að mér leið hræðilega illa og féll allur ketill í eld. Ég þurfti að harka af mér til þess að skæla ekki þessa stund, sem ég var uppi hjá Pétri, en síðan varð ég að sitja brosandi inni hjá Daanshjónum og drekka límonaði, látast vera kát og skrafhreifin. En um leið og sest var að og ég var orðin ein, varð ég að gefa tárunum lausan tauminn. Ég fór í náttfötin mín, steig fram úr rúminu, settist á kalt gólfíð samanhnipruð með hendur spenntar um hnén. Ég byrjaði á því að lesa bænirnar mínar og lagði í þær alla sál og hug. Síðan lét ég andlitið hníga fram á arma mér og grét lengi. Ekkastunurnar vöktu mig til meðvitundar um, að við svo búið mætti ekki standa, og ég þröngvaði sjálfri mér til þess að hætta að gráta, svo ekki skyldi heyrast til mín í hina stofuna. Síðan fór ég að reyna að telja í mig kjark. [...]

Og nú er þetta liðið hjá. Ég skal halda áfram að starfa, svo að ég verði ekki að aumingja, halda áfram og verða rithöfundur, því það er það, sem mig langar til. Ég veit að ég get skrifað. Sumar sögurnar mínar eru bara góðar, og lýsingar mínar á lífinu hér í felustaðnum eru glettnar og margt í dagbókinni minni er vel sagt. En hvort ég hef verulega rithöfundargáfu, það verður tíminn að leiða í ljós. [...]

Ég er sjálf besti og óvægasti dómarinn á ritverk mín. Ég veit best hvernig þau eru og hvaða gallar eru á þeim.

Sá, sem aldrei hefur fengist við að skrifa, hefur ekki hugmynd um hversu unaðslegt það er. Fyrrum harmaði ég það, að ég var klaufi að teikna. Nú er ég harðánægð yfir því að geta þó skrifað. Og reynist ég ekki eiga hæfileika til að skrifa sögur eða rita blaðagreinar, þá skrifa ég bara fyrir sjálfa mig.

Ég vil komast áfram. Ég get ekki hugsað mér að lifa sams konar lífi og þær mamma og frú Daan og þær konur aðrar sem þannig lifa – og gleymast. Ég verð að eiga eitthvað auk bús og barna, sem ég get helgað huga minn.

Og mig langar meira að segja að lifa eftir dauðann. Og þess vegna er ég Guði þakklát fyrir að hafa gefið mér hæfileikann til að skrifa og láta þannig í ljós það sem inni býr. Og þann hæfileika ætla ég að reyna að proska.

Ég get gleymt öllu öðru, þegar ég er að skrifa, áhyggjurnar hverfa og hugrekið vex. En – og það skiptir öllu máli – er ég fær um að skrifa nokkuð, sem gagn er í? Get ég nokkurn tíma orðið almennilegur rithöfundur? Ég vona það, vona það fastlega, vegna þess að þegar ég skrifa get ég látið í ljós hugsanir mínar, hugsjónir og hugarflug. [...]

Hugrókk held ég starfinu áfram. Ég hef góða von um, að það heppnist á endanum vegna þess að þangað – að ritstörfunum, stefnir löngun mín öll.

Þín Anna.



Hvað er það sem Önnu langar til að verða og hvers vegna?

Staldráðu við ...



1. Einhverjum *fellur allur ketill í eld* er orðtak sem kemur fyrir á blaðsíðu 28. Finnið út hvað það þýðir og hvernig hægt væri að segja setninguna á annan hátt án þess að merkingin breytist. Á sömu síðu er annað orðtak. Reynið að finna það og velta fyrir ykkur merkingu þess.



2. Tímalína

- Lesið textann um Önnu Frank og fjölskyldu hennar.
- Raðið ártölunum í tímaröð og skráið viðeigandi upplýsingar við hvert ártal.
- Leitið að fleiri upplýsingum um atriði í lífi Önnu Frank og bætið þeim við tímalínuna ykkar.
- Hengið tímalínuna upp á vegg kennslustofunnar.



3. Skrifaðu ljóð um Önnu Frank. Hafðu í huga persónu- einkenni hennar og tengsl við aðra. Þú átt að nota upplýsingar úr dagbókarskrifum hennar. Einnig getur þú nýtt atriði sem þú hefur lesið og þekkir úr lífi hennar.

1. lína – nafn
2. lína – þrjú orð um persónuna
3. lína – uppáhalds – nefna þrjá hluti eða manneskjur
4. lína – hræðist – nefna þrjá hluti eða manneskjur
5. lína – langar til – þrjú dæmi
6. lína – óskar sér – þrjú dæmi
7. lína – heimilisfang – búseta



Erlend götummynd (1952)

Á gangstétt við glerdýraverzlun
einn gamall hermaður sat.
Fætur hans urðu eftir
austur í Stalíngrad.

Hann lék, en þó lágt, á fiðlu
lög um draum og um þrá.
Tónarnir flæktust í fötum
fólksins er streymdi hjá.

Það rigndi. Og haustlauf hrundi
handan við strætið blautt
af gömlum mösviði garðsins
og grasið varð smám saman rautt.

Hannes Pétursson



Staldráðu við ...



1. Ljóðið er um gamlan hermann.
 - Hvað kom fyrir hann?
 - Hvar er hann núna?
 - Hvernig ætli honum líði?
 - Hvað ætli rauði liturinn eigi að tákna?



2. Skrifaðu dagbókarfærslu gamla mannsins. Veldu a) eða b).
 - a) Dagurinn sem hann slasaðist.
 - b) Dagurinn sem hann sat fyrir utan glerdýrabúð.

Sögurnar um Ólafíu Arndísi eru eftir Kristjönu Friðbjörnsdóttur. Ólafía Arndís er stelpa úr Grafarvogi. Foreldrar hennar ákveða að flytja til Dalvíkur. Hún er ekki sátt við þá ákvörðun og fer í fylu en þegar hún eignast hundinn Tótu tekur hún gleði sína á ný. Textinn er úr bókinni *Dagbók Ólafíu Arndísar*.



Mánudagur 28. júní

Kæra dagbók

Ég gat ekkert skrifað í þig í gær vegna þess að ég gleymdi þér heima. Ég var neydd til að þvælast með fjölskyldunni allan daginn. Við fórum að skoða Möðruvelli í Hörgárdal. Þar á pabbi að vinna við að fræða ferðamenn um staðinn. Hann segir að þetta sé merkur sögustaður en mér fannst þetta ekkert merkilegt. Nokkur hús og kirkja. Pabbi talaði reyndar alla leiðina frá Dalvík og að Möðruvöllum um sögu staðarins. Ég var með lpodinn minn allan tímann en mér sýndist Kristján vera áhugasamur. Frábært fyrir hann! PUMALL UPP!

Þótt ég skilji ekki hvað í ósköpunum allir sjá merkilegt við Möðruvelli þá var eitt skemmtilegt við þessa heimsókn. Þegar við komum keyrandi að bænum stukku fram örugglega átta hundar af öllum tegundum og stærðum. Allir geltu eins og óðir. Kristjáni leist greinilega ekkert á blikuna en ég er sko ekkert hrædd við hunda og ætlaði að stökkva út um leið og pabbi hafði stöðvað bílinn. Mamma stoppaði mig og hélt stutta ræðu um hvernig ætti að umgangast ókunna hunda. Stundum held ég að mamma gæti verið með sína eigin hjálparlínu sem vissi svörin við öllu.

Hjálparlína Halldóru, góðan dag! Allt sem þú vilt ekki vita um allt og ekkert, hvernig get ég aðstoðað?

Eftir hundafræðsluna opnaði ég bílinn. (Varlega sko, ég er ekkert vitlaus. Ég veit alveg að maður þarf að fara varlega að ókunnum hundum. Ég vissi það alveg áður en mamma sagði mér það.) Bæjarhundarnir reyndust vera algjör krútt sem hættu strax að gelta. Það var eins og mig grunaði. Ef galtið í þeim væri þýtt á mannamál hefði það örugglega hljómað eitthvað á þessa leið: Hei, fólk ... á bíl! Hei, sjáðu mig! Knúsaðu mig! Knúsaðu mig! Knúsaðu mig!

Ég er nefnilega svolítið góð að skilja hunda. Ég sá þætti í sjónvarpinu um mann sem er geðveikt góður í að þjálfra snarklikaða hunda og kenna þeim brögð og svoleiðis. Ég lærði mjög margt af honum og svo hef ég líka mikla hæfileika sjálf. Ég held stundum að ég sé svona eins og Harry Potter. Hann gat talað slöngumál en ég held að ég geti pottþétt talað hundamál. Alla vega skil ég oftast hvað hundar eru að reyna að segja. Hvort þeir vilji borða eða fá klapp eða sitja eða eitthvað svoleiðis. Tóta er samt fyrsti hundurinn minn. Ég hef bara hjálpað öðrum að passa sína hunda og þá gat ég æft hæfileikana. Ég skil Tótu mjög vel en við erum náttúrulega enn að kynnast. Ég skil til dæmis mjög vel hvenær hún vill knúsast en ég er enn að átta mig á hvenær hún þarf að pissa og kúka. Það er flóknara. Hún er búin að pissa svolítið oft inni síðan ég fékk hana. Það er svo sem ekkert agalegt, það kemur svo lítið piss í einu, en það er verra þegar hún kúkar. Á gólfinu í Nýjabæ eru nefnilega gamlar **fjalir** og það eru sprungur og rifur í þeim sem hundaskíturinn festist í. Ég þurfti að þrífa svoleiðis upp í gær og það var ógeðslegt. Lyktin, maður minn! Á endanum færði ég sófaborðið bara aðeins til þannig að það sást ekkert í skítinn. En Tóta á eftir að læra þetta. Ég gefst ekkert upp. Hundasnillingurinn í sjónvarpinu þurfti alltaf að kynnast hundunum áður en hann náði árangri.

Hvers vegna finnst Ólafíu Arndísi hún vera eins og Harry Potter?

fjöl/fjalir: löng og flöt spýta

En aftur að bæjarhundunum. Pabbi, mamma og Kristján fóru að skoða sig um og hitta eitthvert fólk sem pabbi á að vinna með. Ég neitaði að koma með (án þess að tala samt – er enn í fylgubagnarbindindi) og hékk bara á bæjarhlaðinu með öllum hundunum. Mér datt í hug að Tóta hefði gott af því að vera innan um aðra hunda, gæti kannski lært þetta með að pissa og kúka á réttum stöðum, svo ég sótti hana í hundabúrið hennar. Hún var alveg skíthrædd og vældi og vældi og klóraði mig á handleggjunum. Ég skil bara ekkert í henni. Þetta voru vinalegustu hundar. Ætli Tóta sé svona aumingjahundur?

Þá fékk ég feikigóða hugmynd og rölti yfir að íbúðarhúsinu og bankaði upp á. Bóndakonan eða bústýran eða staðarhaldarinn (hvað sem svona konur kallast nú) kom til dyra og á meðan hún kjassaði Tótu bar ég upp erindið. Mér datt nefnilega í hug að ég gæti unnið við að fara með allt þetta hundastóð í göngutúra. Konan starði á mig í smástund eins og ég hefði ekki talað íslensku heldur merkúrísku. Síðan fór hún að hlæja og ruglaði á mér hárinu (sem gerði mig mjög pirraða) og sagði að þessir hundar sæju nú bara sjálfir um að viðra sig. Ég held ég hafi roðnað svolítið því ég hefði eiginlega átt að vita þetta. Ég hef nefnilega lesið mjög mikið um hunda.

Konan, sem sagðist heita Gunnhildur og var orðin svolítið gömul, vorkenndi mér greinilega og dró mig eiginlega inn í eldhús til sín. Hún gaf Tótu vatn í skál,



tróð upp í mig súkkulaðikexi, ruglaði meira á mér hárinu og sagði mér fimmtán sinnum hvað hún væri hrifin af krökkum. Hún spurði mig margra spurninga um Reykjavík, pabba og vinnuna hans, Dalvík, flutningana og fleira en alltaf þegar ég byrjaði að svara þá kom næsta spurning. Ég held hún hafi í raun ekki heyrt orð af því sem ég sagði. En vá, hvað hún gat talað hratt, þessi gamla kona. Þegar pabbi kom að leita að mér byrjaði Gunnhildur að tala við hann um nýja starfið, flutninga og Möðruvelli. Svo sagðist hún vera með vinnu fyrir mig. Ég varð mjög spennt og sagði já takk áður en ég vissi hvað ég átti að gera. Ég hefði betur heimtað meiri upplýsingar áður en ég tók starfinu.

Nú sit ég í súpunni og á að mæta tvo morgna í viku til Gunnhildar og lesa fyrir hana! Lesa! Hvers konar vinna er það eiginlega? Augun í henni eru víst orðin eitthvað illa farin og slöpp þó að talfærin séu enn við hestaheilsu. Ég er ekki spennt, mér finnst þetta eiginlega ömurlegt starf. Og hvað ætli ég eigi svo sem að lesa? Örugglega einhverjar eldgamlar bækur, kannski með rúnalettri sem ég skil ekki einu sinni. Ég á að byrja á miðvikudaginn og það er eins gott að ég fái vel borgað. Best ég spyrji um kaupið áður en ég byrja.



merkúríska: hér á Ólafía væntanlega við framandi tungumál sem mögulega væri talað á reikistjörnunni Merkúrís

að sitja í súpunni: sitja uppi með vandamál, vera í vanda

Þriðjudagur 29. júní

Kæra dagbók,

Ég var í lestrarstuði í gærkvöldi. Anna Frank, dagbókarstelpufanginn, gaf dagbókinni sinni nafn.

Hún hét Kittý. Mér finnst það svolítið barnalegt nafn,

sko! Ég er að hugsa um að nefna þig einhverju flottu nafni.

Það þarf að vera svona glæsilegt nafn. Anna

Frank vissi auðvitað ekki að hún Kittý yrði heimsfræg.

Þá hefði hún kannski valið annað nafn. En þegar maður

veit að nafnið mun fylgja bókinni um allan heim þá er

ekki alveg sama hvað maður velur. Mér datt fyrst í hug

Snúlla en sá svo að það passar ekki á þig. Þú ert svolítið

hefðarfrúarleg, það gerir sennilega skrautmynstrið á

hornunum á fagurgrænu kápunni. Gormarnir eru líka

svona eins og kóróna eða rándýrir eðalskartgripir. Svo

eru kápuspjöldin glerhörð og þykk. Ég keypti nefnilega

dýru útgáfuna í búðinni. Já veistu, Snúlla, Dúlla, Krúsí

eða Snúðska eru ekki nöfn fyrir þig. Þú ert meiri svona

Gimsteina, Eðalstína ... ja, eða bara Kleópatra eins og

egyptska drottningin. Þetta er svolítið flókið mál.

Ég ætla í gönguferð með Tótu og hugsa þetta aðeins.

Bless á meðan.

Gimsteina

Eðalstína

Kleópatra

Hverjar voru hugleiðingar Ólafíu Arndísar þegar hún var að finna nafn á dagbókina sína?

Hei, veistu hvað! Þegar ég var á leið í gönguferðina með Tótu hitti ég teppaklæddu konuna í næsta húsi og hausinn í glugganum. Konan var ekki klædd í teppi núna heldur var hún eiginlega mjög fín, í lopapeysu og pilsu með svarta hárið sitt í langri fléttu. Ég veit núna að hún heitir Þórunn.

Hausinn í glugganum er svo ekkert dularfullur einbúi, ærsladraumur eða brjálaður glæpamaður sem felur sig á háa-loftinu, eins og Kristján heldur. Hann er bara strákur, sonur Þórunnar sem heitir Anton Ísberg. Hann er jafn gamall og ég en samt miklu minni. Þórunn kynnti okkur og bauð mér með þeim á bókasafnið. Hún vinnur þar á daginn en er listakona á kvöldin.

Bókasafnið á Dalvík er æðislegt. Það er nefnilega kaffihús inni á safninu. Þórunn bauð okkur í kakó og strákurinn, ég meina Anton Ísberg, hjálpaði mér að binda Tótu fyrir utan. Þórunn sagði mér að þau væru bara tvö í fjölskyldu, hún og Anton Ísberg (vá hvað þetta er langt nafn) en pabbi hans býr í Brussel. (Þarf að fletta því upp á korti, veit ekki alveg hvar það er í heiminum.) Þau eru líka nýflutt hingað til Dalvíkur og Anton Ísberg (púff) þekkir ekki marga.

Kannski getum við orðið vinir ... en bara kannski. Ég þarf aðeins að kynnst honum betur. Hann er sko alveg skemmtilegur en þínu skrýttinn. Hann er með alveg svart hár eins og mamman en bara stutt. Hann skiptir í hliðinni og setur örugglega gel í hárið og greiðir niður. Hárið lítur eiginlega út eins og hjálmur. Svo var hann í undarlegum fötum, brúnni lopapeysu með hettu, grænköflóttum brettabuxum og í allt of stórum hermannastígvélum. Í bakpoka var hann með hjólabretti. Ég spurði af hverju hann væri ekki bara á brettinu í stað þess að bera það á bakinu. Hann horfði á mig eins og þetta væri fátjánlegasta spurning í veröldinni og svaraði að það væri einfaldlega vegna þess að hann væri ekki með hjálm því hjálmurinn skemmdi hárgreiðsluna. Eins og ég hefði átt að fatta það. Þegar mamma hans stakk upp á að við gætum orðið vinir,

yfir brjálæðislega góðum kakóþolla, rétti Anton Ísberg mér nafnspjaldið sitt. Hvers konar krakki á sitt eigið nafnspjald! Hér er nafnspjaldið, ég límdi það inn í þig svo ég týni því ekki.

ANTON ÍSBERG VON SPHLAFFENBERG

- * Áhugamaður um geimvísindi, sagnfræði, forritun og forn trúarbrögð, ásamt fleiru.
- * Félagi í Samtökum hjólabrettafólks.
- * Áskrifandi að National Geographic tímaritinu.
- * Geng ekki með síma en hægt er að nálgast mig á vefsetri mínu: www.anisberg.is

Ég held svei mér þá að hann hafi ekki verið að grínast með þetta nafnspjald. Hann var alla vega grafalvarlegur þegar hann rétti mér það og sagði mér að ég gæti skráð mig inn á einkaspjallrásina hans á heimasíðunni. Svo skil ég ekki helminginn af því sem stendur á spjaldinu. Þarf að fletta þessu upp á netinu við tækifæri.

Nú heldur þú að ég sé orðin eitthvað skrýtin að vilja eiga svona furðufugl fyrir vin, kæra dagbók, en bíddu nú hæg. Anton Ísberg leynir á sér. Þegar Þórunn var búin að tala mjög, mjög mikið, segja mér ævisögu sína og ævisögu Antons Ísbergs og meira að segja frá helstu merkisatburðum í ævi langömmu sinnar og langafa sem bjuggu hér á Dalvíkinni, fannst mér einhvern veginn að ég þyrfti að

segja þeim frá einhverju ... persónulegu. Þannig að ég sagði þeim frá þér og því að ég væri að skrifa í þig og væri nú að leita að góðu nafni því þú yrðir bráðum heimsfræg.

Og viti menn, Anton Ísberg kom með nafnið. Jamm, hann sat bara þarna með rjómayfirvararskegg og krosslagða handleggi, eins og lítill karl, og sagði: „Hvað með Kalypsó?“

Mér leist strax vel á hvernig nafnið hljómar og varð enn þá hrifnari þegar Anton Ísberg sagði mér hvað það þýðir. Kalypsó þýðir nefnilega sú sem felur þekkinguna.

Mér fannst það passa gríðarlega vel við þig því þú ert jú að passa upp á öll mín leyndarmál ... alveg þangað til þú verður gefin út um allan heim. Svo er nafnið fengið frá grísku gyðjunni Calypso sem kemur fyrir í Ódyseifskviðu Hómers ... sem mjög margir hafa lesið. Þar á meðal ég, nokkrum sinnum. Grín!!! Ég er bara að skrifa það sem Anton Ísberg sagði mér. Ég hef sko ekki lesið þessa sögu og hef aldrei heyrt um þennan gríska Hómer. Nema þetta sé Hómer Simpson. Hahahaha! En kannski verð ég að kíkja á hana núna fyrst þú heitir eftir þessari gyðju.

Já, það er sem sagt ákveðið. Þú ert hin tigna Kalypsó, dagbók Ólafíu Arndísar!

Hvers vegna leist Ólafíu Arndísi vel á hugmynd Antons Ísbergs um nafnið Kalypsó á dagbókina?

Minnislisti:

- Kíkja á heimasíðu Antons Ísbergs. (Hver ætli hafi eiginlega valið þetta nafn handa honum?)
- Hugsa upp styttingar á nafninu Anton Ísberg: Toni, Antís, Tonberg, Anni, Bergó, Annís ...
- Undirbúa launaviðræður við Gunnhildi gömlu – vinna á morgun.

Staldráðu við ...



1. Veljið atriði úr sögunni, skrifið samtal persónanna og leikið síðan fyrir bekkinn.

- Ólafía Arndís kemur til Gunnhildar og býðst til að fara út að labba með hundana.
- Ólafía Arndís er sest við matarborðið hjá Gunnhildi, Tóta er með.
- Þórunn kynnir Ólafíu Arndísi fyrir syni sínum Antoni Ísberg og þau fara á bókasafnið.
- Ólafía Arndís kemur til Gunnhildar í vinnu í fyrsta sinn.
- Pabbi Ólafíu Arndísar kemur og sækir hana til Gunnhildar.
- Ólafía Arndís og pabbi hennar í bílnum á leiðinni heim.



2. Veljið eitt af eftirfarandi rannsóknarverkefnum. Finnið upplýsingar á bókasafninu eða á netinu og undirbúið fyrirlestur sem þið flytjið fyrir bekkinn.

- Möðruvellir
- Hrísey
- Dalvík
- Jón Sveinsson
- Nonnabækurnar
- Anna Frank
- Brussel
- Kalypso



3. Anton Ísberg gefur Arndísi Ólafíu nafnspjald. Hvað þarf að koma fram á nafnspjaldi? Skoðið nafnspjöld, t.d. á netinu, og hannið ykkar eigið.



4. Ljúkið við málsgreinarnar með því að finna í textanum það sem passar.

- Ólafía Arndís er skemmtileg, af því að ...
- Ólafía Arndís er hugmyndarík, af því að ...
- Ólafía Arndís er fýlupúki, af því að ...
- Ólafía Arndís er glöð, af því að ...
- Ólafía Arndís er pirruð, af því að ...
- Ólafía Arndís er áhugasöm, af því að ...
- Ólafía Arndís er sniðug, af því að ...



5. Ljúkið við málsgreinarnar með því að finna réttu orðin um Anton Ísberg.

- Anton Ísberg er ... af því að hann er í undarlegum fötum.
- Anton Ísberg er ... af því að hann á sitt eigið nafnspjald.
- Anton Ísberg er ... af því að hann gengur ekki með síma.
- Anton Ísberg er ... af því að hann er áhugamaður um geimvísindi.
- Anton Ísberg er ... af því að hann er áhugamaður um forritun.
- Anton Ísberg er ... af því að hann býr í næsta húsi.
- Anton Ísberg er ... af því að hann á mömmu sem vinnur á bókasafni.



6. Hvers vegna skrifar fólk dagbók og fyrir hvern?

- Hvað myndir þú láta þína dagbók heita?



7. Veldu a) eða b).

- a) Skrifðu dagbók um einn dag í lífi þínu.
- b) Skrifðu dagbók um einn dag fyrir þekktu sögupersónu.





Daglegt líf í blokk

Í húsinu andspænis eru þrír gluggar, þrjár rásir. Í einum er verið að bursta tennur, í öðrum er kona að taka þvott af snúru, en við hliðina er unglingur að fara á fætur. Hver án þess að vita af hinum. Bara ég sem tengi þau saman.

Pétur Gunnarsson

Örsaga er stutt og hnitmiðuð frásögn, skyld ljóði. Hún fangar augnablikið og vekur lesanda oft til umhugsunar. „Daglegt líf í blokk“ úr bókinni *Vasabók* eftir Pétur Gunnarsson er dæmi um örsögu.

Staldráðu við ...



1. Það sem maður sér og heyrir yfir daginn getur orðið efni-
viður í sögur, ljóð, leikrit og dagbókarskrif. Punktaðu hjá þér
eitthvað markvert af því sem þú sást og heyrðir í dag.
Búðu til örsögu sem lýsir stuttu broti úr þínu daglega lífi.



2. Veldu a), b) eða c).
 - a) Teiknaðu mynd af húsinu og fólkinu frá sjónarhorni
höfundarins.
 - b) Teiknaðu mynd frá sjónarhorni einnar persónu sem býr
í blokkinni og því sem hún/hann sér út um gluggann.
 - c) Skrifðu örsögu frá sjónarhorni einnar persónu sem býr
í blokkinni og því sem hún/hann sér út um gluggann.

Priðjudagur 13. október. FULLT TUNGL.

Amma hringdi bálreið og spurði, hvenær við ætluðum að sækja hundinn. Hundspottið hefur þá verið hjá henni síðan sjötta október. Ég fór strax til hennar og brá í brún, þegar ég sá í hvílíku ástandi hundurinn var. Hann var orðinn svo ellilegur og grár. Hann er nú ellefu ára í venjulegum árum. En í hundaárum ætti hann örugglega að vera kominn á ellilífeyri. Ég hef aldrei séð hund eldast svona skjótt. Þessi vika hans hjá ömmu hefur sko ekki verið neitt sældarbrauð. Hún er orðin svo ægilega ströng.

Úr *Dagbókinni hans Dadda* eftir Sue Townsend

Staldráðu við ...



1. Skrifaðu eins mörg orð um hunda og þú getur.
 - Flokkaðu orðin með lit eða skrifaðu í dálka eftir því hvort þau eru nafnorð, sagnorð eða lýsingarorð.
2. Dagbókarfærsla hunds.
 - Settu þig í spor hundsins sem kann að skrifa.
 - Skrifaðu dagbókarfærslu um einn dag í vikunni sem hann dvaldi hjá ömmu Dabba.
3. Til umhugsunar: Hvaða tengsl gætu verið á milli fulls tungls, 13. október og hegðunar hundsins?



Bækurnar um Bert Ljung eru eftir Anders Jacobsson og Sören Olsson. Bert er sænskur strákur sem er að verða 13 ára og langar að verða skemmtikraftur. Mamma hans vill hins vegar að hann verði verkfræðingur. Textinn hér að neðan er úr bókinni *Fyrstu athuganir Berts*.



3. janúar

Hæ, hæ og halló, dagbók!

Ljung frændi ætlar hér að rita erfðaskrá sína til þeirra sem eftir lifa. Það er í þriðja sinn sem ég skrifa í þessa splunkunúju dagbók sem ég fékk í jólagjöf. Það fylgir því viss áhætta að óska sér dagbókar í jólagjöf. Eins og allir vita er það bannað fyrir stráka sem eru að verða 13 ára að halda dagbók.

Í lögunum stendur að „Karlkynið skal eigi rita hugsanir sínar eður hugleiðingar í dagbók, heldur skal það verja tíma sínum til að grúska í skellinöðrum og æfa kraftlyftingar. Aftur á móti skal kvenkyns afbrigðið með gleði halda dagbók og þar á blað festa ástarævintýri, kossa og leyndar hugsanir.“

En ég brýt strax lögin. Staðreyndin er sú að ég braut lögin strax í fyrra í sjötta bekk. Þá hélt ég líka dagbók. Svo ákvað ég að óska mér dagbókar í jólagjöf. Það gerir mig að vanaafbrotamanni. Til að pabbi og mamma skyldu ekki uppgötva að ég ætlaði að skrifa dagbók og kæra mig til fógeta, þá skrifaði ég „mikilvægt námshjálpartæki“ á óskalistann.

- Aha, borðlampi, giskaði mamma á.
- Nei, sagði ég. Tóm ... tóm ... tóm bók. Með hvítum pappír.
- Tóm bók?
- Ég má ekki segja meira, hvíslaði ég leyndardómsfullur.

Þá ætlaði mamma að mæla mig.

Hvaða lög brýtur Bert að hans mati?

Hér kemur listi yfir það sem ég óskaði mér, fyrir utan dagbókina:

- * Heimsreisa
- * Lifandi krókódill
- * Hvítur smóking
- * Hokkíspil
- * Lagasafnið
- * Dómaraflauta

Hvers vegna ætlaði mamma Berts að mæla hann?

Þetta fékk ég fyrir utan dagbókina:

- * Lestarmiði til frænda míns í Bollnäs
- * Uppblásinn krókódill
- * Þrjónahúfa með mynd af hreindýri
- * TVÖ hokkíspil – af því að mamma vissi ekki að pabbi hafði líka keypt hokkíspil og öfugt
- * Málaður greniköngull frá Áka, besta vini mínum
- * Dómaraflauta



Hvernig ætli þetta hefði farið ef ég ætti systkini sem þyrftu líka að fá jólagjafir? Þá hefði ég sennilega orðið að láta mér nægja einn stokk af tituprjónum með marglitum hausum. Bless og takk – ekkert snakk!



Staldráðu við ...



1. Hvers vegna segir Bert að það sé bannað fyrir stráka að skrifa dagbók?
2. Hvað er athugavert við hugmyndir Berts um dagbókarskrif?
3. Við hvaða aðstæður þarf að gera minnislista? Ræðið saman og skráið sameiginlega á töfluna.
4. Veljið eina af þeim aðstæðum sem bekkurinn ræddi um og búið til minnislista.

Dæmi:

innkaupalisti – gjafalisti – pakka fyrir ferðalag – heimanám



Tilviljun

Einkennilegir dagar hafa uppi á mér á horni Pósthússtrætis og Hafnarstrætis. Þar stend ég og bíð eftir tímanum. Og þá hendir lítið atvik sem ég verð vitni að og felur í sér allan heiminn.

Eftir Pósthússtrætinu kemur maður gangandi og er að tala í farsíma. Eftir Hafnarstrætinu kemur kona sem einnig er að tala í farsíma. Bæði stefna í átt til mín og hvort í átt til annars. Ég stend á horninu og sé og heyri til beggja. Ég heyri að maðurinn segir í símann:

„Hvar ertu stödd?“

Og konan í Hafnarstrætinu segir fyrir sitt leyti í sinn farsíma:

„Ég er hérna niðri í Hafnarstræti.“

„Nú?“ segir maðurinn.

Og þar sem ég stend á horninu mitt á milli þeirra og sé fram á að þau muni mætast á næstu sekúndum rennur upp fyrir mér sá möguleiki að þau séu að tala hvort við annað. Hvorugt þeirra viti af hinu handan við hornið. Hverjar eru líkurnar á því? Þess konar atvik útheimtir talsverða tilviljun. Og þó, er ekki enn ólíklegra, spyr ég mig, að ég heyri brot úr tveimur alls óskyldum samtölum og svo vilji til að þau eigi fullkomlega saman?

Fjarlægðir og nálægðir hvesa stöðugt klærnar og samskipti taka umskiptum.

Síðan gengur fólkið í flasið hvort á öðru beint fyrir framan mig og það hlær. Eitt andartak stendur það með farsímamann í höndunum, dálítið kauðalegt, og veit ekki hvort það á bara að leggja á eða kveðjast í símann áður en það heilsast á götuhorninu.

Úr *Níu þjófalyklar* eftir Hermann Stefánsson



Staldráðu við ...



1. Fáðið útprentað blað með myndasögunni hjá kennara. Skriðið það sem ykkur finnst eiga að vera í talblöðrum miðað við textann í frásögninni.



2. Ræðið vandræðaleg augnablik sem þið hafið lent í.



3. Gerið stuttan leikpátt þar sem þið setjið á svið vandræðalegt augnablik.

Sérstakur dagur

Sumir dagar eru einhvern veginn sérstakir
þú finnur það um leið og þú vaknar
jafnvel áður en þú opnar augun
eftirvæntingin hríslast um þig
og þú veist að einmitt í dag gerist það
þú hlustar eftir hverju orði
og fótataki
svo allt í einu
þar sem þú stendur á götunni
á leið í sendiferð
þá sérðu glampa í mölinni
og þarna liggur perla
þú tekur hana upp
andartaksstund heldur þú henni í lófanum
og finnur öryggi
og frið
streyma frá henni
þú segir engum frá þessu
vegna þess að í raun og veru gerðist ekkert
þetta var bara ómerkileg glerperla
samt flutti hún þér skilaboð
dularfull og náin
aðeins þér
alla ævi manstu daginn
daginn þegar þú fannst perluna

Vilborg Dagbjartsdóttir



Staldráðu við ...



1. Hvað gæti það hafa verið sem gerði daginn sérstakan?
Var það perlan eða táknað hún ef til vill eitthvað annað?



2. Prófaðu að finna perlu úr þínu lífi og setja hana í söguljóð. Það getur verið gæludýr, vinur, fjölskyldumeðlimur, leikfang eða hvað annað sem þú velur.
 - Gerðu hugtakakort til að skrá hugmyndir þínar og skrifaðu svo ljóðið.
 - Þú getur byrjað eins og í ljóði Vilborgar og haft fyrstu tvær línurnar eins.
 - Þú getur líka breytt til og notað eitthvað annað sem er sérstakt fyrir þig.



3. Hlutverkaleikur – að sitja fyrir svörum.

Veljið persónu úr dagbókarfrásögnunum í kaflanum. Einn nemandi setur sig í hlutverk persónunnar og situr fyrir svörum hinna í bekknum.

- Sá sem situr fyrir svörum, þ.e. nemandinn í stólnum, þarf að setja sig í spor persónunnar og svara miðað við þær upplýsingar sem fyrir hendi eru.
- Þeir sem spyrja þurfa að undirbúa spurningarnar vel.





3. KAFLI MAÐUR OG NÁTTÚRA

Hefur þú velt fyrir þér hvað verður um allt ruslið sem við hendum á hverjum degi? Vissir þú að það getur tekið allt að 450 ár fyrir gosflösku að eyðast í náttúrunni? Í þessum kafla er fjallað um tengsl mannsins við náttúruna og mikilvægi þess að við hugum vel að umhverfinu allt í kringum okkur.

Sagt er frá stelpu sem ólst upp á Stokkseyri þegar margt fólk hafði aðrar hugmyndir um náttúruna en við höfum nú. Við kynnumst einnig austurrískum manni sem byggði óvenjuleg og ævintýraleg hús í samspili við náttúruna.

Plastrusl á sjó og landi

Áður en þið lesið textann skulu þið svara þessum spurningum og skrá svörin á blað sem þið fáði hjá kennaranum:

- Hvað vitið þið um plastrusl á sjó og landi?
- Hvað viljið þið vita?

Í heimshöfunum flýtur mikið af plasti sem er unnið úr olíu. Samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins voru alls framleiddar 3,4 milljónir tonna af plastburðarpokum í Evrópu árið 2008, en það samsvarar þyngd tveggja milljóna af fólksbílum. Er áætlað að hver einstaklingur innan Evrópusambandsins noti um 500 plastpoka að meðaltali á ári. Þessi mikla notkun plastpoka veldur miklum umhverfisáhrifum því talsvert magn af plasti er hvorki endurunnið né fargað heldur berst til sjávar með regni, frárennsli og ám eða fýkur til hafs.

Gallinn við plast er sá að það brotnar ekki niður og eyðist í náttúrunni heldur verður að örlytlum ögnum. Þetta er mjög slæmt fyrir dýrin í sjónum sem halda að plastið sé fæða og éta það eða flækja sig í því. Einnig er það slæmt fyrir okkur mennina sem því miður fáum í okkur eitthvað af plastinu. Enn er óvíst til hvers þetta muni leiða til langframa í lífríkinu en menn óttast að plastið geti valdið margs konar vandræðum fyrir menn og dýr.

Í Kyrrahafinu hefur á undanförunum áratugum safnast upp stór eyja úr plastrusli. Eyjan er líklega sex sinnum stærri en Ísland. Talið er að fiskar gleypi mikið af litlum ögnum úr plastpokum, plastflöskum og öðrum umbúðum. Svipuð ruslaeyja hefur líka fundist í Atlantshafinu. Eyjan er nokkur hundruð kílómetra frá strönd Norður-Ameríku. Þessi eyja er gríðarstór, hún nær frá 22. til 38. gráðu norðlægrar breiddar


og gæti því náð frá Reykjavík til Kaupmannahafnar. Líkt og eyjan í Kyrrahafinu er þessi plasthrúga mjög hættuleg fuglum, fiskum og öðrum sjávardýrum sem éta plastið sem í eru ýmis hættuleg efni.

Plasteyjarnar eru oft ekki sjáanlegar með berum augum þar sem þær fljóta aðallega neðansjávar en plastagnir og hlutum úr þeim skolar stundum upp á strendur. Plastið í sjónum er talið eitt alvarlegasta umhverfisvandamál heims en menn binda vonir við að geta leyst þetta gríðarlega mengunarvandamál, til dæmis með því að safna ruslinu saman og brenna það. Það væri þó mjög erfitt og dýrt. Nú reyna bandarískir vísindamenn að fjölga örverum sem geta brotið plastið niður og eytt því. Þetta eru bakteríur sem fundust í höfunum og virðast geta lifað á plastinu. Þetta gefur von um að einnig verði í framtíðinni hægt að nota bakteríur til að brjóta niður plast á landi. Ein mikilvæg lausn á þessu vandamáli er að draga verulega úr notkun plastpoka og plastumbúða.


Eftir að þú hefur lesið textann:

- Hvað vitið þið meira núna? Skráið það á blaðið ykkar.

Þessi skjaldbaka (Peanut the turtle) festist í plasti utan af áldósum og breytti það vexti hennar til frambúðar. Skjaldbökkunni var hjargað og lifir hún nú góðu lífi á opnu náttúruverndarsvæði í Bandaríkjunum.




Hversu lengi eru hlutir ...



Á tímalínunni sést hversu langan tíma það tekur fyrir hluti að eyðast í náttúrunni. Vissir þú að það getur tekið náttúruna um 10 ár að eyða einni tyggjóklessu sem fleygt er á götuna?

Daglega fellur til mikið sorp á heimilum. Víða um heiminn er losun á sorpi að verða mikið vandamál. Það er því nauðsynlegt að allir, hvar sem þeir eru staddir í heiminum, taki höndum saman og reyni að minnka það rusl sem hent er. Á flestum stöðum á landinu eru móttökustöðvar þar sem hægt er að skila flokkuðu rusli.

að eyðast í náttúrunni?



Staldráðu við ...



1. Skoðið tímalínuna og ræðið.

- Hvað kemur ykkur mest á óvart?
- Hvað getið þið lagt af mörkum til að minnka rusl frá heimili og skóla?
- Flokkið þið rusl? Ef já, hvernig flokkið þið það?



2. Vinnið saman í pörum eða litlum hópum samkvæmt fyrirmælum kennara. Útbúið upplýsingaspjöld sem þið getið hengt á vegg skólans með fróðleik og ábendingum af tímalínunni. Textinn gæti byrjað á orðunum *Vissir þú ...?* Þið getið líka leitað upplýsinga á netinu eða í bókum.



Árlega er 1.120 tonnum af plasti hent á Íslandi.

Dregið úr notkun plastpoka

Í október árið 2014 fluttu nokkrir þingmenn úr öllum flokkum á Alþingi tillögu um að dregið verði úr notkun plastpoka á Íslandi. Umhverfissráðherra landsins verður falið að finna leiðir til að minnka notkun plastpoka og litið verður til annarra ríkja í Evrópu þar sem markvisst hefur verið unnið að því að draga úr plastpokanotkun. Þingmennirnir

benda á að plastpokar og plastumbúðir sem notaðar eru utan um matvæli hafi skaðleg áhrif á umhverfið. Áætlað er að um 70 milljón plastpokum sé hent árlega á Íslandi en það eru um 1.120 tonn af plasti. Plast sem lendir í ruslinu veldur alvarlegum og neikvæðum afleiðingum úti í náttúrunni.

Staldráðu við ...



Ræðið um það plast sem þið notið í ykkar daglega lífi.

- Hvað gerið þið við plastið sem þið notið ekki lengur?
- Flokkið þið plast frá öðru rusli?
- Hvernig er hægt að endurnýta plast?
- Hvað getið þið gert til að minnka plastnotkun?



Lögreglusamþykkt Reykjavíkur 18. grein

Enginn má fleygja rusli eða öðru þess háttar á almannafæri nema í þar til gerð ílát. Enginn má fleygja rusli eða öðru þess háttar á lóð eða land annars manns. Hver sem það gerir skal flytja óhreinindin tafarlaust burt á sinn kostnað.

Staldráðu við ...



1. Hvaða atriðum í lögreglusamþykktinni viljið þið breyta og hvernig?

2. Hvaða fleiri atriði finnst ykkur eiga að vera í lögreglusamþykktinni?



3. Núna eigið þið að útbúa nemendasamþykkt um eitthvað sem varðar umhverfið í eða við skólann ykkar.

- Hvaða atriði ættu að vera í samþykktinni?
- Vinnið saman í litlum hópum samkvæmt fyrirmælum kennara.
- Veljið ritara hópsins og skráið niðurstöður sem þið kynnið fyrir bekkjarfélögum ykkar.

Stelpan frá Stokkseyri

Það er sérkennilegt að hugsa til þess núna, en eitt af mínum skylduverkum var að fara einu sinni á dag með ruslafötuna niður í fjöru og tæma hana í sjóinn. Þetta var nokkru áður en ruslatunnur voru settar við hvert hús og síðan sóttar og keyrðar í burtu þangað sem ruslið var brennt. Þetta var líka töluvert fyrir þann tíma sem farið var að hugsa um urðun á sorpi, mengun hafsins og slíkt sem okkur þykir sjálfsagt núna. Það var engu líkara en því væri trúað að hafið tæki endalaust við. Ég man líka eftir þeirri sérvisku hjá gömlu fólki að fara niður í fjöru til **að ganga örna sinna** fremur en að fara á klósettið. Það voru þó nokkrir sem fóru undir klettana og höfðu með sér pappír.

að ganga örna
sinna: að kúka

Úr ævisögu Margrétar Frímansdóttur, *Stelpan frá Stokkseyri*,
eftir Þórunni Hrefnu Sigurjónsdóttur

Staldröðu við ...



1. Vinnið saman í litlum hópum, veljið ritara hópsins og skráið svör ykkar.
 - Frá hvaða tíma haldið þið að stúlkan frá Stokkseyri sé að segja? Rökstyðjið tilgátu ykkar.
 - Hvaða áhrif hefði það á umhverfi ykkar ef þið hefðuð sama skylduverk og stúlkan? Hafið m.a. í huga hafið, fjöruna, lífríkið, ásýnd, lykt, sýkla, o.s.frv.

Tekk

Ég fermdist á dýrðartímum tekksins á Íslandi og fékk skrifborð úr tekki í fermingargjöf. Lítið borð með þremur skúffum, algjörlega úr tekki hvar sem á er lítið.

Löngu síðar sá ég fíla að störfum í tekkskógi. Þeir voru látnir draga þunga tekkebolina niður að Choo Phya-fljóti sem fleytti þeim alla leið niður að sögunarmyllunum við áróšana. Aðstæður svo erfiðar í þéttum skóginum að þolinmóðir fílar reyndust best.

Gamla skrifborð! Þú áttir þér stoð í veruleikanum eftir allt saman. Stoð og uppruna í veruleikanum. Þú sem ert svo lítið og fínlegt; aldrei datt mér í hug að bolir tekkeþrjána væru svona þykkir og skógurinn mikill að þyrfti fíla til að brjótast með efniviðinn í þig, gamla skrifborð.

Gamla skrifborð! Þú stendur enn þolinmóðum tekkefótum og veitir mér stuðning. Ég þakka þér auðmjúkur. Þú kenndir mér að allt á sér stoð í veruleikanum. Stoð og uppruna þrátt fyrir allt.

Sigurður Pálsson

Staldræðu við ...



1. Rektu leið skrifborðsins í samfelldu máli frá því að vera tré sem óx í tekkskógi í Taílandi til þess að vera skrifborð sem endaði í herbergi sögumannsins.
 - Mundu að hafa málsgreinar ekki of langar og nota fjölbreyttar samtengingar til að forðast upptalningu, t.d. *og, eða, svo að, af því að, en, heldur, enda, með því að, ef, þó að (þótt), þegar, til þess ...*
 - Gott er að punkta niður atriði áður en þú byrjar að skrifa samfellda textann.



2. Hvaðan eru hlutirnir í kringum okkur? Veldu fimm til tíu manngerða hluti (húsgögn, fatnað, matvæli, tæki eða tól) í umhverfi þínu og athugaðu hvort þú getur komist að því hvaðan þessir hlutir koma. Berðu þínar rannsóknarniðurstöður saman við niðurstöður bekkjarfélaga.

Maður sem byggði óvenjuleg hús

Friedensreich Hundertwasser fæddist árið 1928 í Vín í Austurríki. Þegar hann var ellefu ára hófst seinni heimsstyrjöldin. Í skelfilegu stríði var fólk myrt, sprengjur féllu og heilu borgunum var eytt. Í lok stríðsins gekk Hundertwasser um illa farna Vínarborg og horfði á hálfhrunin hús og sundursprengdar götur. Hann tók eftir því að í sprungum í götunum og í rústum húsanna var ýmislegt byrjað að vaxa, gras og plöntur greru og hann sá skordýr og froska í pollum. Þetta gladdi Hundertwasser, hann gerði sér grein fyrir því að stríðið væri búið, langþráður friður væri kominn á og að nú yrði að byggja borgina upp aftur.



Hundertwasser fannst að fólk ætti að sýna náttúrunni virðingu. Hann langaði að skilja hvernig plöntur og dýr lifðu og dæju. Hann teiknaði myndir af dýrum, gróðri og landslagi og smám saman fór hann að langa að byggja hús sem væru í samhljómi við náttúruna.

Húsin sem við búum í vernda okkur fyrir veðrum og umhverfi. Við erum daglega fyrir utan húsin og inni í þeim og þau eru mjög mikilvægur hluti af umhverfi okkar. Þess vegna skipta hús okkur miklu máli. En þar sem byggingar standa nú var umhverfið oft allt öðruvísi áður en húsin voru byggð. Í kringum húsið sem við erum stödd í núna kann að hafa verið skógur, mói, fjara eða melur og alls konar gróður og dýralíf. Hundertwasser velti fyrir sér hvað mennirnir gætu gert til að umgangast umhverfið þannig að það henti bæði mönnum og öðrum



lífverum. Honum datt til dæmis í hug að hafa tré og annan gróður á þökum húsa, svokallaða þakgarða. Honum fannst líka að það væri hægt að byggja alls konar hús sem væru allt öðruvísi en flest húsin sem hann hafði séð og byggð höfðu verið fram á tuttugustu öld. Hús geta verið há og mjó, löng, breið, kringlótt, ferköntuð og úr alls

konar efnum og í alls konar litum. Þau geta verið úr gleri, steypu, múrsteinum, málni, leir, timbri, grasi eða stráum.

Hundertwasser hannaði óvenjuleg hús sem nú eru heimsþekkt og draga að sér fólk sem kemur víða að til að skoða húsin hans. Það sem Hundertwasser hafði alltaf að leiðarljósi var að maðurinn væri í tengslum við náttúruna.

Staldráðu við ...



1. Hvað finnst ykkur um húsin hans Hundertwassers?

2. Hvað hafði Hundertwasser í huga við hönnun húsa sinna?



3. Hanið hús í anda Hunterwassers og hafið í huga hugmyndir hans um mikilvægi samspils manns og náttúru.





Myndirnar sem þið sjáið á opnunni eru af sama stað á Íslandi. Málverkið er eftir Collingwood, breskan listmálara sem ferðaðist um landið seint á nítjándu öld. Rúmum hundrað árum seinna fór ljósmyndarinn Einar Falur á sama stað og tók ljósmyndina.



Staldröðu við ...



1. Ræðið saman:

- Hvernig getur landslag breyst?
- Hvernig geta mennirnir haft áhrif á ásýnd náttúrunnar?
- Hvað finnst ykkur um þær breytingar sem verða á náttúrunni af mannavöldum?



- ### 2. Undirbúið fund um ákveðið málefni í umhverfi ykkar sem tengist náttúrunni og umhverfinu. Það gæti til dæmis tengst lagningu vegar, húsi sem á að byggja eða hættu á mengun í fjöru. Skoðið tímalínuna á bls. 54-55, hún gæti hjálpað ykkur. Semjið eins til tveggja mínútna ræðu þar sem þið rökstyðjið skoðun ykkar.



Kverkfjöll

röggsamir landverðir
í lopapeysum og uppreimuðum skóm
útiteknir með tóbaksklút um höfuðið
og bollasúpu í leirkönnu
fá mig alltaf til að
finnast ég ekki eiga heima í þessu landi

skammast mín þegar ég hugsa um
plastflöskurnar sem ég henti út úr
bílnum í morgun.

Ingunn Snædal

Staldráðu við ...



1. Hvers vegna skammast ljóðmælandinn sín?
2. Hvað ætli verði um flöskuna sem hent var út um bígluggann?
3. Hvað gerið þið þegar þið sjáið rusl á götunni eða úti í náttúrunni?

Haustúpa

regnvatn ofan í pott
gul lauf með rauðum berjum
laukur, hauskúpa
soðið

Kristín Ómarsdóttir

Hver ætli sé að
sjóða í ljóðinu?



Staldráðu við ...



1. Haustúpa – Vetrarsúpa – Vorsúpa – Sumarsúpa
Prófið að breyta titli ljóðsins í aðra árstíð og semjið ykkar eigið súpuljóð.



2. Ef þú ert einn í óbyggðum og ert matarlaus, hvað getur þú nýtt þér til matar?

Ræðið saman og skráið niður það sem hægt er að nýta til matar af landsins gæðum.

- Hvað í náttúru Íslands vex villt og er mögulegt að nýta til matar?
- Hvað er hægt að rækta á Íslandi?



The background of the entire page is a photograph of ancient stone ruins. The ruins consist of several walls made of rough-hewn stones and bricks, some with visible mortar. A dirt path or road runs through the ruins. In the distance, there are green trees and a blue sky with scattered white clouds. The overall scene is bright and clear.

4. KAFLI Á FRAMANDI SLÓÐUM

Finnst þér gaman að ferðast? Í þessum kafla verður farið í langferð. Flakkað verður langt aftur í fortíðina til borgarinnar Pompei. Einnig verður farið í ljóðaferðir til framandi staða á jörðinni. Garðálfar koma við sögu og við fáum að heyra frásögn af flakki þeirra um heiminn. Svo verður strákurinn Tsatsiki kynntur til sögunnar en hann fer til grískrar eyjar og hittir þabba sinn sem hann hefur fram að þessu aðeins séð á ljósmynd.

Aftur til Pompei

Ramóna er í skólaferðalagi á Ítalíu til að skoða fornleifar í borginni Pompei sem grófst undir ösku þegar eldfjallið Vesúvíus gaus árið 79 e. Kr. Ramónu fer skyndilega að líða illa, henni verður illt í höfðinu og hún fær undarlega tilfinningu í allan líkamann þegar hún skoðar gifsafsteypur af íbúum borgarinnar sem fórust í eldgosinu. Þegar höfuðverkurinn verður óbærilega slæmur skriður hún undir bekk til að hvíla sig og sofnar. Skyndilega vaknar hún í fornri borg sem iðar af mannlífi. Hún hefur flust langt aftur í tímann og er stödd í Pompei fyrir eldgosinu. Ramóna verður dauðskelkuð, hún veit að senn munu borgarbúar farast í eldgosinu, líka hún sjálf og Theó vinur hennar sem hún eignast í hinni fornu Pompei, ef þeim tekst ekki að forða sér í tæka tíð. En hún veit ekki hvenær eldfjallið Vesúvíus byrjar að gjósa. Er von á eldgosu eftir hundrað ár, tíu daga eða tíu mínútur? Kaflinn er úr bókinni *Aftur til Pompei* eftir Kim M. Kimselius, þýðandi Elín Guðmundsdóttir.



Á meðan þú lest kaflann um Ramónu og Theó skaltu huga að tíma sögunnar.

- Er sagt frá atburðum í réttri tímaröð?
- Er sagt frá atburðum sem gerast á tveimur mismunandi tímasviðum – og hvernig tengjast þau þá?
- Er einhvern tímann sagt frá einhverju sem á eftir að gerast?
- Hvernig er hægt að sjá hvað kaflinn gerist á löngum tíma?

10. kafli

Íbúar Pompei tóku daginn greinilega snemma og margt fólk var á ferli.

„Fólk er á leiðinni á Forum til að setja upp sölubásana sína,“ sagði Theó þegar hann sá hvað Ramóna varð hissa.

Þau gengu um og sáu hvar menn voru að opna hlerana fyrir litlu versluninum sem voru í húsunum. Æ fleiri íbúar vöknudu og hófu dagsverkið.


Ramóna gleymdi um stund áætlun sinni og yfirvofandi hamförum og naut líðandi stundar. Það var svo spennandi að kíkja inn um hliðin á portunum og sjá hvaða varningur var í boði. Sölufólkið bauð þeim glaðlega góðan dag þegar þau gengu hjá og Theó og Ramóna svöruðu í sömu mynt.

Þegar þau fóru fram hjá ávaxta- og grænmetisverslun lá við að þau rækjust á kaupmanninn. Hann var að bera út stóra kórflu fulla af ávöxtum sem hann ætlaði að koma fyrir á gangstéttinni en rann til og töluvert af ávöxtum valt úr kórfunni. Theó og Ramóna fóru að hlæja og hlupu á eftir ávöxtunum sem ultu eftir götunni.

Morgunninn var fallegur og Ramónu leið betur. Erfitt var að gera sér í hugarlund að fjallið Vesúvius, sem virtist svo friðsælt, væri eldfjall. Hún leit snöggt á fjallið. Í eitt andartak sá hún bara það sem íbúar Pompei sáu. Fallegt fjall.

Ramóna leit inn í portið sem þau komu að næst. Rétt innan við hliðið var bekkur yfirfullur af ávöxtum og grænmeti og hún sá konu sem hún kinkaði feimnislega kolli til. Konan kinkaði einnig kolli. Ramóna varð allt í einu hamingjusöm. Áhyggjurnar af yfirvofandi hamförum voru horfnar eins og dögg fyrir sólu og hún var orðin hluti af allri þessari fegurð og friðsæld. Henni fannst eins og hún tilheyrði þessu fólki.

Hún sneri sér að Theó og spurði um nokkuð sem skyndilega hafði komið upp í huga hennar:



Hvers vegna varð Ramóna allt í einu hamingjusöm?

„Theó, lít ég fáránlega út með þessar umbúðir um höfuðið?“

„Nei, þú ert svo sæt svona,“ sagði Theó og hló. „Þreifaðu á þeim og þá finnurðu að þær eru alls ekki svo fyrirferðarmiklar. Það er eins og þú hafir vafið hvítu sjali um höfuðið. Þetta er reyndar bara flott eftir að mamma lagaði umbúðirnar.“

Ramóna þreifaði á höfðinu á sér. Henni fannst þetta ekki vera eins og neitt sjal, en enginn hafði enn minnst á umbúðirnar og hún ákvað að gleyma þeim.

„Hvað heldurðu að mamma þín segi þegar hún sér að við erum horfin? Ég sem átti að taka því rólega í dag,“ sagði Ramóna.

„Hún verður örugglega áhyggjufull til að byrja með. En svo skilst henni að fyrst þú varst nógu hress til að fara út er ekkert að þér. Hvernig líður þér annars núna?“

Theó leit rannsakandi og hlýlega á Ramónu.

Ramóna gat sagt honum að sér liði vel. Hún var með dálítinn höfuðverk. Kannski fengi hún slæman höfuðverk í kvöld en þá gæti hún beðið Poltíu að elda fyrir sig þessa dýrlegu kryddjurtasúpu.

„Það er allt í lagi með mig. En hvert erum við að fara?“ spurði Ramóna.

„Þú hafðir áhuga á böðunum og mér datt í hug að fara með þig í baðhúsið okkar. Það er að segja ef þig langar til þess,“ sagði Theó.

„Mér þætti það mjög gaman,“ sagði Ramóna.

Allt í einu hrökk hún við. Stór kjötstykki héngu á krókum fyrir utan eina búðina og hún var nærri búin að ganga á þau.

„Oj, en ógeðslegt,“ sagði hún.

„Þetta er kjötbúð. Kjötkaupmennirnir hengja kjötið svona til þess að það meyrni og til þess að viðskiptavinirnir sjái hvað þeir hafa upp á að bjóða. Hvað er svona ógeðslegt við það? Er þetta ekki gert svona hjá ykkur?“ spurði Theó undrandi.

„Nei, við setjum kjötið í plastumbúðir og svo setjum við það í kæliborðið til að þess að bakteríur geti ekki vaxið í því. Það er

ekki gott að láta kjötið hanga svona í sólinni. Það rotnar bara,“ sagði Ramóna með hryllingi.

„Plastumbúðir og kæliborð?“ sagði Theó spyrjandi.

„Já, þetta eru bara enn fleiri atriði sem ég á erfitt með að skýra fyrir þér. Á ég að reyna?“

„Nei, það er líklega best að þú sleppir því. Þarna er baðhúsið,“ sagði Theó og beygði inn í aðra götu.

Hann benti henni á stórt hús sem virtist nánast allt úr marmara. Tvær stórar súlur prýddu innganginn. Fagurlega útskornar tréhurðir voru opnar og Ramóna sá að mósaíkmyndir voru á gólfinu. Myndirnar voru af fólki að baða sig. Lengra inni sá hún græn tré og dálitla grasflöt. Þarna var trjágarður í miðju húsinu, alveg eins og heima hjá Theó. Stórkostlegt!

Ramóna hrökk upp úr því að dást að húsinu þegar Theó sagði:

„Það var synd að Lívía skyldi ekki koma með.“

„Hvers vegna?“ spurði Ramóna. „Við höfum það fint bara tvö.“


„Já, já, en ef hún hefði verið með okkur hefðir þú sloppið við að vera ein.“

„En það er bara smástund í búningsklefanum og það gerir ekkert til. En heyrðu! Ég er ekki með nein sundföt!“ sagði Ramóna sem allt í einu mundi eftir því að hún var ekki með sundbol.

„Sundföt? Ég skil ekki alveg. Við erum ekki í fötum þegar við förum í bað. Við förum úr fötunum. Og hvers vegna heldurðu að þú verðir bara ein í búningsklefanum? Konur og karlar baða sig ekki saman. Það þýðir að þú verður ein allan tímann. Vissirðu það ekki? Er það ekki svoliðis hjá ykkur?“ spurði Theó.

„Nei, það er það ekki. Við erum öll saman, í fötum.“

Ramóna ýtti stríðnislega við Theó þegar hún sagði fötum. Henni var ljóst að það var jafn erfitt fyrir Theó að skilja siði og venjur tuttugustu aldar og fyrir hana að skilja siði og venjur í Pompei. Svo sagði hún:



Hvernig var umhorfs í baðhúsinu og hvernig voru hefðirnar?

„Mér líst ekki á þetta. Ég veit ekki hvort mig langar til að fara þarna inn. Ég hélt að við gætum buslað saman. Getum við hvergi gert það?“

„Nei, því miður.“

Theó virtist meina það sem hann sagði.

„Fyrir nokkrum dögum hefðum við getað synt í ánni, en nú hefur hún þornað upp. Við getum auðvitað farið niður að höfn en mig langar ekki sérlega til að fara í sjóinn þar. Hvað viltu gera í staðinn?“

„Getum við farið á markaðinn? Ég hef verið þar en þá var hann tómur og allur í rúst. Mér þætti gaman að sjá Forum iðandi af lífi. Sjá fólk og vörur og sölubása á ég við,“ sagði Ramóna áköf.

Theó virtist miður sín yfir orðum Ramónu. Það var eins og hann væri að byrja að meðtaka að meiriháttar náttúruhamfarir yrðu í Pompei.

„Jú, ef þú heldur að það sé gaman, en þá verðum við að fara til baka. Markaðurinn er í gagnstæðri átt.“ sagði hann.

Dapurlegur svipurinn á Theó og hennar eigin orð minntu Ramónu á hamfarirnar framundan. Hvernig hafði hún getað gleymt þeim? Líklega vegna þess að hún var svo heilluð af öllu því sem var í kringum hana. Allt í einu var hún komin aftur niður á jörðina.

„Já, ég veit að við gengum þar í gegn daginn sem við hittumst,“ sagði Ramóna döpur í bragði. „En þá hafði ég engan tíma til að líta í kringum mig. Það gerðist svo margt og svo óskiljanlegt.“

Hún hnyklaði brýnnar þegar henni varð hugsað til tímaflutningsins.

„Daginn sem við hittumst,“ sagði Theó og hló. „Það var í gær.“

Í gær, hugsaði Ramóna. Það var eins og liðin væri heil eilífð.

Það gat ekki hafa verið í gær sem hún og bekkurinn hennar komu til Pompei. *Rústaborgarinnar* Pompei. Það virtist nánast útilokað núna þegar hún gekk um í Pompei sem iðaði af lífi.

„En gaman,“ sagði hún við Theó og benti. „Þarna eru steinarnir á götunni. Þarna gekk ég í gær.“

Henni hlýnaði allt í einu um hjartaræturnar þegar hún þekkti staðinn aftur.

„En við gengum ekki hérna í gær,“ sagði Theó.

„Nei, ekki við. Ég. Áður en ég fluttist til í tíma. Þá gengum við hérna og kennarinn minn sagði okkur til hvers steinarnir voru og sýndi okkur djúpu hjólförin eftir vagnana. En þá var gatan hrein og fin. Ekki full af taði. Steinarnir minna mig á dálítið, Theó. Hvaða mánaðardagur og ár er núna?“ spurði Ramóna.

Góða tilfinningin sem greip hana þegar hún sá steinana hvarf skyndilega og fyrri ótti heltók hana þegar henni datt í hug að eldgosíð yrði kannski bráðum. Óttinn við að verða ein af þeim sem græfust undir öskunni eins og fólkið, sem hún sá á safninu, ágerðist.

Theó var hugsí á svip og sagði svo:

„Ég held að það sé X fyrir kalendas.“

„Fyrir hvað?“ spurði Ramóna og horfði tortryggin á Theó eins og hann væri að spila með hana.

„Ágúst X fyrir kalendas, auðvitað.“

Theó gretti sig framan í Ramónu og rak snöggt út úr sér tunguna eins og eiturslanga.

„Æ. Hættu nú. Ég skil ekki hvað þú ert að segja. Fyrir það fyrsta skil ég ekki þetta fyrir-tal og í öðru lagi ... ágúst? Ég kom til Pompei í maí. Hvernig getur verið kominn ágúst? Og hvað þýðir þetta *fyrir*?“ spurði Ramóna. Hún horfði hugsandi á hann. Var hann að fíflast?

„Þú spurðir um dagsetninguna í dag og ég svaraði: ágúst X fyrir kalendas. Það er dagurinn í dag.“

Theó hristi höfuðið uppgefinn. Stelpan var algjörlega fáfróð.

„En eru engar tölur?“ spurði Ramóna og undirstrikaði fákunnáttu sína að mati Theós.

„Jú, auðvitað eru tölur en ekki til að telja dagana. Það væri alltof flókið.“

Theó andvarpaði. Þetta vissi hvert einasta smábarn.

Ramóna hugsaði sig um og tók ekki eftir því hvað Theó var skilningsvana. Hvernig átti hún að fá upplýsingar um dagsetninguna? En það var kannski ekki svo mikilvægt, hugsaði hún með sér. Jarðskjálftinn daginn

Hvernig stóð á því að Theó fannst Ramóna fáfróð?

áður var fyrsta merkið um eldgos og hvaða máli skipti þá dagsetningin? Hún var alveg sannfærð um að hamfarirnar væru yfirvofandi.

„Um hvað ertu að hugsa?“ spurði Theó og horfði á hana. Hann var allt í einu orðinn áhyggjufullur yfir að hafa svarað henni svona yfirlætislega og að það væri þess vegna sem hún var svona hugsí og þögul.

„Ég er að velta fyrir mér ...“

Ramóna var djúpt hugsí og tók ekki eftir því hvernig viðhorf Theós til hennar sveiflaðist með nokkurra mínútna millibili. Aðeins ein hugsun komst að í höfði hennar: að bjarga sjálfri sér og nýju vinunum sínum.

Skyndilega datt Ramónu í hug hvernig hún gæti skýrt þetta fyrir Theó. Hún sagði:

„Theó! Ef þú vissir að eitthvað hræðilegt kæmi bráðum fyrir mig, myndirðu þá ekki gera allt sem þú gætir til að bjarga mér?“

„Auðvitað gerði ég það,“ sagði hann og horfði brosandi á hana.

„En hvað myndirðu gera ef ég tryði þér ekki?“ spurði Ramóna.

Hún horfði spyrjandi á hann en þóttist viss um hvert svarið yrði.

„Tala um fyrir þér þangað til þú værir orðin sannfærð um að ég hefði á réttu að standa. Ég myndi ekki gefast upp,“ sagði Theó eins og ekkert væri sjálfsgæðara.


„Allt í lagi. Þá ætla ég einmitt að gera það sama. Ég ætla að tala þangað til þú trúir mér.“

Ramóna dró djúpt að sér andann og hóf að sannfæra hann.

„Theó ... Vesúvius er eldfjall og bráðum fer það að gjósa og eyðileggur alla borgina og líka Herkúlaneum og sveitirnar í kring.“

„Nei, Ramóna. Þetta hljómar ekki trúlega og þú veist það sjálf. Þú ert að tala um gríðarstórt landsvæði.“

Nú var röðin komin að Theó að halda að Ramóna væri að spila með hann.



„En þetta er satt, Theó. Pompei mun grafast undir margra metra þykku öskulagi og Herkúlaneum undir leir og eðju úr eldfjallinu. Nokkrir íbúar Pompei bjargast með því að fara í skip en flestir farast. Ég vil ekki að þú farist. Ég vil ekki að neitt af þessu fólki farist. Þú verður að hjálpa mér að bjarga því. Trúðu mér, Theó. Þú verður að trúa mér.“

Rödd Ramónu var biðjandi og auðmjúk. Henni var ljóst að hún var að tala um svo miklar hörmungar að Theó átti erfitt með að ímynda sér þær.

„Málið er, Theó, að ég kom til að skoða Pompei vegna þess að hér eru best varðveittu rústir frá þinni tíð. Og það versta af öllu ...“

Ramóna dró djúpt andann áður en hún bar fram síðustu sannanir sínar. Bara að Theó tæki því sem sönnunum en ekki sem uppspuna eða ógeðslegu gríni.

„Það versta af öllu er að fólkið er meira að segja varðveitt. Líkamar þess urðu að dufti en þeir skildu eftir sig för í öskunni og vísindamenn, eða hverjir svo sem það voru, helltu efni í förin eftir líkamana til þess að



hægt væri að gera af þeim fullkomnar afsteypur. Þær eru hryllilegar. Þú ættir að sjá þær.“

Hrollur fór um Ramónu þegar mynd af afsteypunum kom upp í huga hennar. Mynd sem hún vildi helst þurrka út og sem hún talaði nú um til að fá Theó til að skilja umfang hörmunganna.

„Þarna var líka hundur. Það var hræðilegt því hann virtist hafa kvalist mikið. Hann var bundinn með keðju og barðist árangurslaust við að krefsa sig upp úr öskunni. Kroppurinn á honum er undinn eftir baráttuna við að lifa af. Hann átti aldrei möguleika á að losa sig. Aumingja hundurinn! Hann var víst kallaður hundur Prímusar og ...“

Theó greip óttasleginn fram í fyrir henni og starði á hana.

„Hundur Prímusar? Ég þekki Prímus og hundinn hans. Hann er mjög gæfur. Á hann að deyja?“

Ramóna fann vonarneista kvikna í brjósti sér. Loksins hafði hún fundið réttu leiðina til að segja frá eldgosinu. Kannski var enn von.

„Já, Theó. Það er einmitt það sem ég er að segja. Hann deyr og allir aðrir sem þú þekkir deyja líka. Skilurðu loksins að ég er að segja satt?“

Ramónu var mjög umhugað um að fá Theó til að skilja. Til allrar hamingju hafði henni dottið hundurinn í hug.

„Plútó, Plútó litli,“ sagði Theó. „Ekki vil ég að hann deyi.“

„Hver er Plútó?“ spurði Ramóna.

„Plútó ... er hundur Prímusar.“

Theó nam staðar, sneri sér að Ramónu og bar loks fram spurninguna sem Ramóna hafði beðið svo lengi eftir.

„Hvenær á allt þetta að gerast?“

Hann trúir mér, hugsaði Ramóna sigri hrósandi. Hann trúir mér og ... Sigurgleðin hvarf og í staðinn komu undrun og vonbrigði.

„Æ, ég man ekki dagsetninguna, því er nú fjandans ver. En ég veit að það gerðist í lok ágúst en ég man ekki alveg hvenær. Ég veit þó að fyrst komu fjórir jarðskjálftar og ef mér skjátlast ekki var sá fyrsti í gær.“

Hvernig náði
Ramóna að
sannfæra Theó um
hættuna sem
vofði yfir?

„Sá fyrsti! Nei. Það hafa þegar verið tveir jarðskjálftar í þessari viku. Ekki sérlega stórir, bara smájarðhræringar. En þú heldur þó ekki að það geti verið ...“

Theó þagnaði, laut hugsandi höfði og horfði til jarðar. Fótur hans rakst í lítinn stein sem hann fór að sparka til og frá. Þegar hann leit upp aftur varð Ramónu ljóst að hann trúði öllu sem hún sagði.

„Þú átt við að úr því að það hafi þegar verið þrír jarðskjálftar ...“

Hann vildi fá svar en samt vildi hann það ekki. Þetta var einfaldlega of skelfilegt til að geta verið satt.

„Jarðskjálftinn í gær var þá sá þriðji,“ sagði Ramóna lágt við sjálfa sig. Síðan hækkaði hún róminn og sagði við Theó:

„Já, nú kemur enn einn jarðskjálfti og síðan hefst eldgosid! Ó, Theó, ég er svo glöð yfir að þú skulir trúá mér,“ sagði hún.

Loksins var von um að geta bjargað fólkinu í borginni. Í gleði sinni tók Ramóna utan um hálsinn á Theó og kyssti hann beint á munninn. Þegar hún slepti honum horfði hann forviða á hana.


Ramónu brá. Var hún gengin af vitinu? Að kyssa bláókunnugan strák, jæja, kannski ekki bláókunnugan, á munninn. Úti á miðri götu. Hún sá að margt fullorðið fólk gaf þeim auga og brosti. Henni hitnaði í framan og hún skammaðist sín. En samt sá hún ekki eftir þessu. Henni þótti vænt um Theó og var þá nokkuð athugavert við að láta það í ljós?

Það var bara einn sem gat svarað þeirri spurningu og þegar hún sneri sér að honum og leit í augu hans taldi hún sig sjá svarið. Theó virtist ánægður.

Hann horfði á hana með glampa í augum og smám saman breiddist bros yfir andlit hans. Hann tók mjúkt og varlega í hönd hennar og sagði:

„Komdu!“

Þau lögðu af stað niður götuna og leiddust. Þrátt fyrir yfirvofandi hættu fylltist Ramóna sælukenn. Hún varð að þrýsta hönd Theós fast til að ganga úr skugga um að hana væri ekki að dreyma. Hann þrýsti hönd hennar á móti.



Ætli það sé svona að vera skotin í einhverjum? hugsaði Ramóna með sér. Hvernig getur maður orðið skotin í einhverjum þegar maður veit að maður er að deyja? Hvernig get ég orðið skotin í strák þegar ég veit að þúsundir manna munu deyja með okkur?

Tíma í sögum er oft skipt í ytri tíma og innri tíma:

Ytri tími sögu er sá tími þegar atburðir sögunnar gerast. Það getur verið í fortíð, t.d. á landnámsöld, í nútímanum, í framtíðinni, um sumar, vetur, vor eða haust. Stundum þarf að skoða og leita að sönnunum fyrir því á hvaða tíma sagan gerist, t.d. hvaða tónlist er spiluð, hvernig slettur eru algengar, hvernig fólk klæðist, hvað það horfir á o.s.frv.

Innri tími sögu (sögutími) er sá tími sem líður frá því að sagan hefst og þar til henni lýkur. Það getur verið einn dagur, ein vika eða ár. Sjaldan er það sagt beinum orðum en þá þarf að lesa af athygli til að finna það út.

Staldráðu við ...



1. Skoðið spurningar sem þið höfðuð í huga við lesturinn.
2. Hvað líður langur tími frá því að íbúar Pompei vakna og þangað til krakkarnir leiðast niður götuna í lok kaflans?
3. Hvenær haldið þið að sagan gerist? Hvað í sögunni sýnir það?



4. Lesið aftur yfir kaflann og skráið niður þau atriði sem Theó og Ramóna upplifa ólíkt.



5. Skrifaðu ljóð um Theó. Notaðu upplýsingar sem koma fram í kaflanum.

1. lína – fornafn
2. lína – persónueinkenni
3. lína – skyldleiki, sonur hvers, bróðir hvers, frændi hvers ...
4. lína – líkar við (nefna hlut og/eða manneskju)
5. lína – upplifir
6. lína – langar að gera eða langar í
7. lína – hræðist
8. lína – gefur
9. lína – langar að sjá
10. lína – búseta/heimilisfang

6. Prófaðu að skrifa sams konar ljóð um Ramónu.

7. Ef þú kæmist yfir tímavél og gæfist kostur á því að ferðast aftur í tímann, hvert færir þú? Skrifaðu sögu um ferðalagið.

Gott er að útbúa lista eða hugtakakort áður en þú byrjar að skrifa samfelldan texta.



Á leið til Timbúktú

ég er á leiðinni til Timbúktú
en hyggst koma við í Kambódíu fyrst

rétt reka inn nafið í Líbanon
og taka svo svifnökkvann til Zanzibar

síðan ætla ég til Timbúktú

aðeins að bruna með lestinni til Laos
og hef tíma til að huga að ástandi í Írak og
búskaparháttum í Búrma

að því búnu jafna ég mig í Japan
og munar ekki um Mósambik næst

þegar ég hef skoðað mig um lengi dags
veit ég
hvort nauðsynlegt sé að fara
til Timbúktú

Jóhanna Kristjónsdóttir

Staldráðu við ...



1. Ljóðmælandi er á leið til Timbúktú. Hann ætlar að koma við á mörgum stöðum á leiðinni. Í lok ljóðsins veltir hann fyrir sér hvort nauðsynlegt sé að fara til Timbúktú.

Ræðið fullyrðingarnar og greinið frá ykkar skoðun.
Hvernig tengjast þær innihaldi ljóðsins?

- Ferðin sjálf er mikilvægari en áfangastaðurinn.
- Leiðin að takmarkinu er það sem skiptir máli.
- Lausnarferlið hefur meiri þýðingu en útkoman.



2. Hvað þýðir *að reka inn nefið*?
 - a) Vinnið saman og finnið út rétta merkingu orðtaksins.
 - b) Búið til nýja útskýringu á orðtakinu.
 - c) Finnið fleiri orðtök þar sem nef kemur við sögu.



3. Vinnið saman tvö eða þrjú.

Flettið upp í kortabók og finnið alla staðina sem ljóðmælandi ætlar að heimsækja á leið sinni til Timbúktú. Veljið ykkur einn stað úr ljóðinu og leitið upplýsinga um hann á netinu.

Undirbúið kynningu fyrir bekkjarfélagi.



Garðálfar á flakki

Í mörgum görðum má sjá litla brosmilda karla með litskrúðugar húfur. Þessir karlar halda oft á garðverkfærum eða blómum. Fólk kann misvel að meta þessa litlu náunga sem kallaðir eru garðálfar og eru stytur sem margir skreyta garðana sína með. Upphaflega komu garðálfarnir frá Þýskalandi og voru úr leir. Þeir hafa verið fjöldaframleiddir frá því um 1870 en nú eru þeir framleiddir í miklu magni í Póllandi og eru flestir úr plasti.

Til eru samtök sem heita Frelsissamtök garðálfa. Meðlimir samtakanna, sem eru virkust í Frakklandi, stela garðálfum úr görðum fólks og safna þeim saman við skógarstíga hér og þar. Fólk í gönguferðum hefur rekist á stóra hópa garðálfa og margir orðið afar hissa. Sumir stunda það að ræna garðálfum og senda þá í ferðalög. Það hefur komið fyrir að garðeigendur, sem hafa tekið eftir að álfurinn þeirra er horfinn, fái skömmu síðar póstkort inn um bréfalúguna með mynd af álfinum sem tekin er á frægum stað úti í heimi, til dæmis við Eiffel-turninn í París, Óperuhúsið í Sídney eða Skakka turninn í Písa. Þetta kom einmitt fyrir sænsk hjón fyrir nokkrum árum. Hjónin, sem



heita Lennart og Vigdís, tóku eftir því að garðálfurinn þeirra, sem þau höfðu kallað Júlíus, var ekki lengur á sínum stað í garðinum. Nokkrum dögum síðar barst þeim póstkort og á því stóð „Ákvað að skreppa í ferðalag. Kveðja, Álfurinn.“

Næstu fjóra mánuði fengu hjónin póstkort og myndir með reglulegu millibili. Þar mátti til dæmis sjá Júlíus í ferju sem siglir milli Danmerkur og Þýskalands og fyrir utan kirkjuna La Sagrada Familia í Barcelona á Spáni. Síðasta myndin sem Lennart og Vigdís fengu af álfinum var tekin í garði í Osló, höfuðborg Noregs. Síðan leið dálítill tími og einn daginn rétt fyrir jól þegar Lennart Roslin leit út um gluggann sá hann garðálfinn á bílplaninu fyrir utan húsið. Eigendur garðálfinsins Júlíusar vita enn ekki hver fór með álfinn þeirra í ferðalag.

Staldráðu við ...



1. Hvert er helsta baráttumál meðlima í Frelsisamtökum garðálfa?


2. Hvað finnst ykkur um það sem frelsissamtökin gera?



3. Hannaðu póstkort sem garðálfurinn ætlar að senda.

Settu þig í spor garðálfs og skrifaðu á póstkort í hans nafni. Sá sem skrifar póstkort segir gjarnan frá því hvar hann er staddur, hvern hann hittir, hvað hann hafi skoðað eða gert. Stundum lýsir hann veðrinu og/eða hvernig honum líður.


- Nafn og fullt heimilisfang er sett á línurnar hægra megin.
- Vinstra megin er gert ráð fyrir stað og dagsetningu, texta og kveðju.
- Frimerki er límt efst í hægra hornið.



Hundertwasser og garðálfarnir

Listamaðurinn Hundertwasser, sem sagt er frá á bls. 60 í þessari bók, hafði skoðanir á því hvers vegna fólk skreytir garðana sína með álfum úr plasti eða leir. Hann hélt því fram að nútímamaðurinn væri búinn að missa tengslin sem hann hafði við umhverfi sitt, að maðurinn skildi ekki lengur dýr, plöntur og verur sem lifa í náttúrunni. Nú væri hins vegar mannfólkið að reyna að ná aftur sambandi við náttúruöflin með því að koma þar fyrir garðálfum. Hann sagði að fólk hefði sýnt náttúrunni ákveðna ósanngirni með því að breyta henni að eigin ósk. Garðar í borgum og bæjum væru flestir ólíkir því náttúrulega umhverfi sem var áður en maðurinn byggði þar hús. Hundertwasser sagði að garðálfurinn væri í hlutverki eins konar milligönguveru sem tengdi manninn við náttúruna. „Garðálfar eru lágvaxnir og geta talað við snigla, smádýr og plöntur“, sagði Hundertwasser.

Til hvers hefur fólk garðálfa að mati Hundertwassers?



Flugan sem dreymdi að hún væri örn


Einu sinni var fluga sem dreymdi á hverri nóttu að hún væri örn á sveimi yfir Ölpunum eða Andesfjöllum.

Í fyrstu var hún frá sér numin af gleði en með tímanum fylltist hún angist. Henni þóttu vængirnir of stórir, skrokkurinn of þungur, goggurinn of harður og klærnar of sterkar; allur þessi fyrirferðarmikli umbúnaður kom í veg fyrir að hún gæti sest í makindum á gómsætar tertur eða á mannlegan úrgang, eða kvalið sig viljandi með því að fljúga ítrekað á gluggann í herberginu sínu.

Í sannleika sagt hafði hún enga löngun til að ferðast í mikilli hæð eða í opnu rými, nema síður væri.

En þegar hún kom til sjálfrar sín barmaði hún sér yfir því að vera ekki örn og geta flogið yfir fjöll, og hún varð ósköp hrygg yfir því að vera fluga. Þess vegna var hún svona óróleg og flaug stöðugt í hringi þar til komið var kvöld að hún lagðist hægt og rólega aftur á koddann.

*Svarti sauðurinn og aðrar fabúlur eftir
Augusto Monterroso.*



Staldráðu við ...



1. Hvers vegna fylltist flugan angist?

2. Hvers vegna barmaði flugan sér?

3. Hver gæti verið boðskapur sögunnar?



4. Finnið málshátt sem getur átt við boðskap sögunnar.

Tsatsiki er sænskur strákur sem býr með mömmu sinni, sem hann kallar Múttu. Pabbi hans er grískur og býr í Grikklandi og Tsatsiki hefur bara séð hann á mynd. Eitt sumarið fara Mútta og Tsatsiki í ferð til Grikklands og hitta þar pabba kolkrabba, ömmu og afa og fleiri ættingja og þau fréttu að Tsatsiki eigi líka fjölskyldu í Kanada. Kaflarnir um Tsatsiki eru úr bókinni *Tsatsiki og pápi* eftir Moni Nilsson-Brännström í þýðingu Friðriks Erlingssonar.

Á meðan þú lest söguna um Tsatsiki skaltu taka eftir umhverfinu sem lýst er. Hvar gerist sagan og hvernig er þar umhorfs?



Agios Ammos

Tsatsiki og Mútta voru þau einu sem stigu úr rútunni í Agios Ammos. Þetta var bærinn þar sem pabbi kolkrabbi átti heima og hafði Tsatsiki byrjað að vaxa innan í Múttu umvafinn freyðandi sjóðbullandi ást. Þetta var einmitt augnablikið sem hann hafði þráð svo lengi. Hann var búinn að ímynda sér að það yrði svo sérstaklega merkilegt að koma hingað. En svo var hann bara rennandi sveittur og bílveikur að auki. Fyrst var það siglingin, svo rútan þvert yfir eyna í fleiri klukkutíma eftir bugðóttum vegum yfir himinhá fjöll. Bolurinn var gróinn fastur við bakið á honum og stolti hanakamburinn lafði eins og visið blóm.

– Almáttugur! andvarpaði Mútta. Það er svo fallett hérna að ég næ varla andanum.

Tsatsiki náði heldur ekki andanum en það var bara vegna þess að hann var að kafna úr hita.

– Vatn, másaði hann. Vatn.

Þau Mútta röltu niður að ströndinni og augnabliki síðar óðu þau út í svalan sjóinn.

– Þú gætir fengið sólsting, sagði Mútta og skvetti vatni yfir höfuð hans. Þú þyrftir að komast í bað.

– Já, ég þrái það, andvarpaði Tsatsiki og stakk sér á bólakaf. Hann sveið í augun.

– Það gerir saltið, sagði Mútta hlæjandi. Þetta er nú einu sinni Miðjarðarhafið. Svo sneri hún honum í kringum sig einsog hún gerði svo oft þegar hann var lítill. Fötin hennar flutu á vatninu umhverfis hana eins og risastór kragi. Nokkrir ferðamenn lágu í sandinum og bökuðu sig í sólinni, en annars virtist Agios Ammos mannlaust með öllu.

Þorpið var lítið og lá utan í klettótttri fjallshlíð. Húsin voru hvítkölkúð og skjannabjört í sólinni svo Tsatsiki varð að taka fyrir augun. Við bryggjuna lágu fiskibátar í öllum regnbogans litum. Það var góð lykt af þeim.

– Er þetta lykt af kolkrabba? spurði Tsatsiki.

– Já, sagði Mútta. Og blóðbergi og furu og ólífutrjám.

Við ströndina voru nokkrar verslanir, veitingastaðir og kaffihús. Í forsælu undir stráskyggni voru borð og stólar. Þar sátu nokkrir karlar og horfðu spyrjandi á Tsatsiki og Múttu. Hann horfði á móti. Skyldi einhver þeirra vera pabbi kolkrabbi?

– Nei, hann Pápi þinn var sætur kall, sagði Mútta. Og það er hann áreiðanlega enn þá.

– Hvar á hann heima?

– Þarna uppfrá, sagði Mútta og benti. Efst uppi á Asnaskítsgötu.

– Það heitir engin gata svoleiðis, sagði Tsatsiki.

– Jú, hér er nefnilega allt svolítið öðruvísi, sagði Mútta.

Þau sátu í heitum sandinum og létu sólina þurrka fötin á meðan Agios Ammos vaknaði smám saman af miðdegisblundinum. Fólk horfði forvitið en vinsamlega í átt til þeirra. Gamall, svartklæddur og sólbrenndur kall teymdi þreyttan asna undir þungri byrði af stórum vatnsmelónum. Tsatsiki varð samstundis banhungraður.

Hvernig var umhorfs
í Agios Ammos?

Hvaða lykt fundu
Tsatsiki og Mútta?

– Komdu, sagði Múttu og klæddi sig. Nú förum við í mat til Maríu. Hún býr til besta tzatziki í heiminum.

– Þekkir þú hana?

– Já, ég vann hjá henni þegar ég bjó hér, sagði Múttu. Og svo er hún líka amma þín.

Tzatziki snarstansaði.

– Amma! En ég á enga ömmu hér.

– Að sjálfsgöðu áttu ömmu hérna, sagði Múttu eins og það væri eðlilegasta mál í heimi.

Tsatsiki hristi höfuðið. Það var ekki bara pabbi kolkrabbi heldur líka amma og svo kannski afi í þokkabót sem hann hafði heldur aldrei átt.

Tsatsiki hafði hlakkað mikið til og verið bæði glaður en líka kvíðinn. Glaður yfir því að fá loksins að hitta Pápa sinn, sem hann hafði bara heyrt talað um en aldrei séð, nema á eldgamalli ljósmynd, en hann hafði líka kvíðið því að pabbi kolkrabbi yrði kannski ekkert hrifinn að uppgötva si svona að hann ætti barn. En mest af öllu óttaðist hann að honum sjálfum myndi hreinlega ekki líka við þennan mann. Múttu hafði lofað að segja pabba kolkrabba ekki orð um það að hann ætti son fyrr en Tsatsiki væri búinn að gera upp hug sinn. Tsatsiki vildi nefnilega fá að ráða því sjálfur hvort hann kærði sig um að eiga hann fyrir Pápa.

– Það er ekki í lagi með þig, hafði Múttu sagt. Börn geta ekki sjálf valið foreldra sína.

– Jú, víst, svaraði Tsatsiki. Ég get það.

Hvers vegna var Tsatsiki bæði fullur tilhlökkunar og kvíðinn?



Pabbi kolkrabbi

Tsatsiki sat á bryggjunni og fylgdist með fiskimönnunum sem komu að landi eftir að hafa lagt netin fyrir nóttina. Hann var að borða ís. Það var fjórði ísinn á tveimur klukkutímum. Hann þurfti ekki annað en að gjóa augunum á ísboxið og þá gaf María amma honum meira. En hann var ringlaður í kollinum og honum leið skringilega.

Pétur Hannes hafði þekkt afa sinn og ömmu og frændfólk alla ævi, þau bjuggu í Stokkhólmi og töluðu meira að segja sænsku.

En nú þegar Tsatsiki hafði loksins eignast ættingja eins og annað fólk, töluðu þeir ýmist óskiljanlegt mál eða bjuggu í Kanada. Það eina sem Tsatsiki vissi um Kanada var að þeir spiluðu víst íshökkí þar. Þeir Pétur Hannes höfðu nefnilega safnað myndum af íshökkíspilurum.

Og nú átti hann allt í einu frændfólk þar. Tsatsiki fannst hann hafa verið svikinn. Það var heilmargt sem Mútta hafði aldrei sagt honum. Nokkrir krakkar komu niður á ströndina og fóru að stinga sér. Þeir gjóuðu á hann augunum á meðan þeir léku sér að því að hrinda hver öðrum út í sjóinn svo gusurnar gengu yfir Tsatsiki.

Það hefði verið gaman að blanda sér í leikinn, en hann hafði lofað Múttu að vaða ekki út í án leyfis. Einn strákanna kom til hans og rétti honum kuðung sem hann hafði fundið í sjónum.

– Efharisto, sagði Tsatsiki. Það þýðir takk fyrir á grísku. Það hafði Mútta kennt honum.

Strákurinn fór þá strax að tala heilmikið en Tsatsiki yppti bara öxlum. Þá gafst strákurinn upp og börnin tándust smám saman í burtu.

Allt í einu kom hann auga á appelsínugulan depil úti á sjónum. Þegar hann færðist nær sá Tsatsiki að þetta var lítil bauja. Hann fylgdist spennur með henni nálgast.

Fljótlega kom hann auga á svarta snorku, svo birtist höfuð og loks heill maður með sundfitjar og brátt stóð hann í fjörunni. Maðurinn



Hvers vegna fannst Tsatsiki hann hafa verið svikinn?

tók af sér snorkuna og sundfitjarnar. Saltvatnið glitraði á líkama hans. Í annarri hendi hélt hann á skutli og við belti hans héngu fimm stórir kolkrabbar. Veiðimaðurinn losaði kolkrabbana úr beltinu og sló þeim utan í stein. Það var til að losa úr þeim blekið, hafði Múttu sagt honum. Tsatsiki fékk fiðring í magann af að horfa á veiðimanninn. Augun í honum voru svört eins og í Tsatsiki og hann var með yfirvararskegg eins og Dimitris afi. Ekki alveg eins úfið en þökkalega mikið samt. Tsatsiki stóð á fætur og gekk hægt og rólega í áttina til hans. Hnén skulfu svolítið eins og honum væri kalt og hjartað sló hraðar.

Hvernig leið Tsatsiki þegar hann sá kolkrabba-veiðimanninn?

Tsatsiki stoppaði og horfði á skutulinn sem lá í sandinum.

Veiðimaðurinn varð hans var og sneri höfðinu til hans.

– Jazou, sagði hann og brosti vinsamlega.

– Jazou, hvíslaði Tsatsiki og horfði á pabba kolkrabba.

Því nú var hann viss um að þetta væri hann og enginn annar. Veiðimaðurinn hélt áfram að segja eitthvað en

Tsatsiki yppti öxlum til að sýna að hann skildi ekki neitt.

– English? spurði pabbi kolkrabbi.

– No, Sweden, hvíslaði Tsatsiki. Nei, hann var ekki frá Englandi heldur Svíþjóð.

Tsatsiki sýndist pabbi kolkrabbi horfa rannsakandi á hann þegar hann nefndi Svíþjóð, en svo hélt hann bara áfram að berja blekið úr kolkröbbunum og skola af þeim í sjónum.

Lífið er skemmtilega skrítið, hugsaði Tsatsiki og gat ekki haldið aftur af hlátrinum. Pabbi kolkrabbi hafði nú bæst við huldufjölskyldu Tsatsikis. Þarna stóð hann nokkrum skrefum frá syni sínum og hafði ekki hugmynd um að hann ætti neitt í honum.

– Tsatsiki! Tsatsiki! Hvar ertu? Köllin í Múttu bergmáluðu um höfnina.

– Hér! Ég er hér! svaraði Tsatsiki og veifaði.

Veiðimaðurinn kipptist við þegar hann heyrði rödd Múttu

en þegar hann kom auga á hana fölnaði hann, þótt hann væri sólbrenndur. Tsatsiki rétt náði að grípa kolkrabbana áður en bárunnar skoluðu þeim á haf út. Pabbi kolkrabbi og Múttu stóðu kyrr og stórðu hvort á annað.

– Jazou, Yanis, sagði Múttu loks og brosti fallega.

Veiðimaðurinn svaraði engu og brosti ekki heldur.

Tsatsiki flissaði af spenningi. Hann vissi ekki hvort hann var glaður eða leiður, hvort hann ætti að hlæja eða gráta.

– Micri gorgóna, sagði pabbi kolkrabbi loks. Micri gorgóna.

– Hvað er hann að segja? spurði Tsatsiki.

– Litla hafmeyja, svaraði Múttu brosandi. Hann var vanur að kalla mig það.

– Glatað, sagði Tsatsiki. Ekki hafði honum dottið í hug að Pápi hans gæti verið svona væminn.

Pabbi kolkrabbi steig eitt skref í áttina til Múttu og síðan annað. Svo knúsaði hann hana og kyssti í óratíma.


Pabbar máttu kyssa mömmur, það vita jú allir, en Tsatsiki var farinn að óttast að pabbi kolkrabbi ætlaði að éta Múttu upp til agna. Loks reif hún sig lausa úr fangi hans, sléttaði fötin sín og lagði handlegginn yfir axlirnar á Tsatsiki.

– Þetta er sonur minn. Hann heitir Tsatsiki.

Tsatsiki átti erfitt með að draga andann. Þetta augnablik var eiginlega jafn magnþrungið og þegar hann fæddist í þennan heim.

– Og þetta er Yanis. Múttu beygði sig niður að Tsatsiki og hvíslaði í eyra hans: Pápi þinn.

– Ég veit það, sagði Tsatsiki og hló.



Hvernig gat Tsatsiki vitað að Yanis væri pabbi hans áður en Múttu sagði honum það?

Kolkrabbaveiðin

Tsatsiki hóstaði, hrækti og ældi söltu vatninu.

Hann tók áreiðanlega hundrað gúlsopa af sjó áður en honum tókst að nota snorkuna. Þetta hafði verið svo miklu auðveldara í baðinu heima. Þar voru heldur engar öldur og vatnið ekki svona hræðilega salt.

Yanis kenndi honum að draga andann rétt og hló að ákafa hans. En það var góðlegur hlátur. Honum var greinilega farið að líka betur við Tsatsiki og Tsatsiki kunni líka ágætlega við þabba kolkrabba. Þeir voru næstum eins og alvöru feðgar.

Þeir höfðu kastað akkerum í fallegum vogi. Vatnið var svo tært að Tsatsiki fannst hann geta náð til botns með höndunum. En þarna var samt fimm metra dýpi. Skammt frá var kóralrif og þangað ætluðu Tsatsiki og Yanis að synda. Þeir voru nefnilega kolkrabbar.

– Hann má ekki vera með skutulinn, sagði Mútta ákveðin. Ef Mútta fengi að ráða öllu mætti Tsatsiki ekki einu sinni leika sér með dótabyssur.

– Kemur þú ekki líka? spurði Tsatsiki.

– Nei, sagði Mútta. Nú skuluð þið bara kafa.

Tsatsiki uppgötvaði fljótlega að neðansjárvar skipti engu máli þótt maður tali ekki sama tungumál og Pápi sinn. Allt var svo hljótt og það eina sem hann heyrði var boblið í snorkunni. Fyrst var hann alltaf að hugsa: anda inn, anda út, anda inn, anda út, en smám saman kom það bara af sjálfu sér og Yanis kinkaði kolla til hans með viðurkenningarsvip.

Hafið var svo spennandi. Það var fullt af fallegum fiskum og á

Hvað uppgötvaði
Tsatsiki
neðansjárvar?



botninum lágu alls kyns dýrmætir fjársjóðir: krukkur og bollar, gamlir skór, kuðungar og skeljar, flöskur og pottar. Þetta var alveg stórkostlegt! Tsatsiki skildi vel af hverju Yanis vildi vera kolkraðaveiðimaður. Og það ætlaði hann líka að verða.

Pabbi kolkraðbi pikkaði í Tsatsiki og benti honum á stóra torfu af brúnum fiskum með langan sporð. Hann losaði um skutulinn og hleypti af. Spjótíð þaut á fullri ferð og boraði löng loftbólugöng í gegnum vatnið og stakkst beint í stærsta fiskinn.

– Vaá! sagði Tsatsiki og munnurinn fylltist af sjó.

Honum varð svo mikið um að hann var næstum drukknaður. En sem betur fer voru þeir rétt hjá kóralrifinu og Yanis hjálpaði honum upp á þurrt. Á rifinu voru hvassar nibbur og Tsatsiki rispaði á sér fótleggina. Saltið sveið í augun svo hann táraðist en hann ætlaði ekki að fara að skæla. Pápi skyldi sko ekki halda að hann væri einhver aumingi. Hann beit á jaxlinn og sem betur fer sáust tárin ekki í gegnum sundgleraugin. Bara það væru nú ekki hákarlar í sjónum sem rynnu á lyktina af blóðinu.


Yanis losaði fiskinn af skutlinum, spennti hann aftur upp og rétti Tsatsiki.

– Nú er komið að þér, sagði hann.

Múttu hafði stranglega bannað honum að fikta í skutlinum. En hún var hvergi nærri og Pápi hans hlaut að ráða einhverju líka. Að minnsta kosti fékk pabbi hans Péturs Hannesar stundum að ráða.

Það var ekki eins auðvelt að skjóta með skutli og hann hafði ímyndað sér. Tsatsiki skaut hverju feilskotinu á fætur öðru.

Hvers vegna var
Tsatsiki nærri
drukknaður?



En hann var hins vegar fljótur að komast upp á lag með að finna kolkrabbana. Þeir leynast bakvið grjót eða í gömlum leirkrukkum á hafsbotni. Tsatsiki lærði fljótt að þekkja loftbólurnar sem stigu upp þegar kolkrabbarnir drógu andann. En kolkrabbar eiga líka leynivopn. Þegar þeir þurfa að verja sig sprauta þeir úr sér kolsvörtu bleki og reyna að komast undan í skjóli við svart skýið. En pabbi kolkrabbi var enn sniðugri og eldsnökkur í þokkabót svo kolkrabbarnir fundu enga undankomuleið.

Tsatsiki gerði tilraun til að ná þeim með spjótinu hans Yanisar. En þeir lágu allt of djúpt. Tsatsiki gat ekki kafað svo langt niður. Loftið í lungunum dugði ekki til og honum fannst þau vera að springa í brjóstinu á sér.

– Það sem skiptir mestu máli, sagði Yanis, er að hafa góða kolkrabbasjón. Og það hefur þú. Ég hef aldrei fyrr séð jafn góðan byrjanda og þig.

Kolkrabbasjón! Enginn í bekknum hans hafði slíkan hæfileika. En það var heldur enginn í bekknum sem átti Pápa sem var kolkrabbaveiðimaður, hugsaði Tsatsiki – Tsatsiki Jóhannsson.

Hvaða hæfileika hafði Tsatsiki?

Staldráðu við ...



1. Svaraðu eftirfarandi spurningum með því að vísa í texta kaflans.
 - Hvar er Agios Ammos?
 - Hvernig er landslagið þar?
 - Hvernig líta húsin út?
 - Hvernig er veðrið?
 - Hvað annað kemur fram sem gefur til kynna hvernig umhverfið er?



2. Vinnið tvö til þrjú saman og útbúið forsíðu og baksíðu á bókina, þ.e. eins og bókin væri aðeins þessir þrír kaflar. Á forsíðunni er venjulega mynd af einhverju sem gerist í sögunni. Einnig kemur fram titill bókarinnar, nafn höfundar og forlagið sem gefur bókina út. Á baksíðunni er oft mynd eða skreyting og stuttur útdráttur af helstu atriðum úr bókinni. Stundum eru beinar tilvitnanir í bókina.

3. Nú ætlið þið að fara á orðaveiðar. Vinnið saman í fjögurra manna hópum. Hver og einn í hópnum fær sitt númer frá 1–4.
- nr. 1 finnur 10 lýsingarorð í kaflanum sem lýsa eiginleikum, t.d. skemmtilegt, hrætt ...
 - nr. 2 finnur 10 nafnorð sem tengjast umhverfinu í kaflanum.
 - nr. 3 finnur 10 sagnir sem segja til um hvað Tsatsiki er að gera.
 - nr. 4 finnur 10 lýsingarorð sem lýsa því hvernig maður framkvæmir eitthvað, t.d. hægt, hratt ...

Þegar allir hafa fundið sín orð í hópnum les sá fyrsti sitt fyrsta orð, annar sitt fyrsta orð og svo koll af kolli þar til þið hafið fjögurra orða setningu. Gerið það sama við hin orðin þar til þið hafið skrifað tíu setningar á blaðið.

Sumar setningar verða tóm vitleysa en aðrar vonandi góðar sem þið getið notað í eigin sögur síðar.

Þið megið líka skipta á orðum við aðra hópa þannig að þið hafið eingöngu setningar sem hafa einhverja merkingu.

4. Skrifuð í 10–15 mínútur um eftirfarandi atriði í sögunni um Tsatsiki.
- Það sem mér fannst gott við söguna ...
 - Það sem mér líkaði ekki ...
 - Það sem ég varð hissa á ...
 - Það sem sagan minnti mig á ...

Ræðið síðan saman um hvað þið skrifuðuð.



Indland

Maður
leggst til hvílu
á umferðareyju

Dagblað er dúnn hans

Lítið svigrúm
til svefngöngu

Úti á grynningunum
glampar á járnskráp
kaldeygra hákarla

Gerður Kristný

Þegar skáld búa til myndir úr orðum þá heitir það myndmál. Ein tegund myndmáls er **líking**. Þá er einhverju líkt við annað eins og gert er í ljóðinu Indland. Þegar einhverju er líkt við annað með hjálparorðum; *sem, eins og, líkt*, þá heitir það **viðlíking**. Ef engin hjálparorð eru notuð heitir það **myndhverfing**.



Staldraðu við ...



1. Hvaða líkingar eru í ljóðinu?
2. Hvers vegna sefur maðurinn á umferðareyju?
3. Hvað notar maðurinn fyrir sæng?
4. Hvers vegna er ekki svigrúm fyrir svefngöngu?
5. Hvað er það sem glampar í raun og veru úti á grynningunum?
6. Skrifaðu örsögu um manninn.





5. KAFLI

DRAUGAR OG VARÚLFAR

Trúir þú á varúlfa, afturgöngur eða galdra? Hér á eftir færðu að lesa draugasögu, varúlfaljóð og ýmsar frásagnir um merkileg furðufyrirbæri. Síðan förum við í bílferð innanlands á sannkölluðum ævintýraskrjóði til móts við fortíðina á nornaslóðir á Ströndum og einnig koma dvergar og galdrastafir við sögu.

Sagan *Draugurinn sem hló*, sem er hér fyrir neðan, er eftir Ritvu Toivola í þýðingu Sigurðar Karlssonar. Sagan birtist fyrst í smásagnasafninu *Draugurinn sem hló* sem er bók með draugasögum fyrir krakka eftir ýmsa norræna höfunda.

Áður en þú lest söguna skaltu velta fyrir þér um hvað sagan gæti fjallað. Skrifaðu í ritunarbókina þína nokkrar línur um það sem þú heldur að muni gerast í sögunni.

HA HA HA

Leynifélag blokkarinnar var samankomið í kofanum sem það hafði byggt í nálægum skógi.

– Eigum við að taka Simo með í hópinn? spurði Elina.

Simo var nýi strákurinn sem var nýlega fluttur í blokkina.

– Heitir hann Simo? Svona ræfilslegur, með gleraugu og allt, ábyggilega algjör mömmustrákur, sagði Nieminen. – Ef einhver okkar tæki aðeins í hann færi hann að grenja og kalla á mömmu sína. Hundurinn hans er líka eins og loðinn grís.

– Mér finnst Turre sætur, sagði Elina. – Simo sagði að við ættum flottan kofa. Hann langar að vera í leynifélaginu.

Nieminen var ekki hrifinn af hugmyndinni en báðar stelpurnar voru á því að það ætti að gefa Simo tækifæri.

– Allt í lagi, sagði Nieminen loksins. – En hann verður að sanna að hann sé enginn aumingi. Hann verður að þora að fara um nótt í Gamla kirkjugarðinn.

– Það er allt of hrikalegt, sagði Aino. Stelpunum fannst

Gamli kirkjugarðurinn alveg nógu skelfilegur að degi til. Þær höfðu aðeins örsjaldan farið þangað þó að hann væri svo nálægt að mosagróinn steinveggurinn í kringum hann sæist úr garðinum heima hjá þeim.

Jafnvel utan frá séð var Gamli kirkjugarðurinn þannig að manni komu í hug draugasögur. Hann hafði tilheyrt herragarði

Hvað átti nýi strákurinn að gera og hvers vegna?

sem hafði brunnið til grunna fyrir hundrað árum. Í áratugi hafði enginn hirt um leiðin og gangstígana og það ískraði í ryðguðu járnhliðinu þegar það var opnað. Á mörgum legsteinunum var ekki lengur hægt að lesa nöfnin, krossarnir á leiðunum voru skakkir og styttn af englinum hafði misst annan vænginn.

Sá síðasti af herragarðseigendunum var jarðaður í glæsilegu grafhýsi í miðjum kirkjugarðinum. Hann var sagður hafa verið slæmur maður og farið illa með vinnufólk sitt. Hann hafði hýtt einhvern til dauða og ráfaði þess vegna um kirkjugarðinn án þess að fá frið.

– Það er sko í alvöru draugagangur þar! Margir hafa séð það, sagði Antti. – Afi minn stytsti sér einu sinni leið í gegnum kirkjugarðinn. Þegar hann fór fram hjá grafhýsi herragarðseigandans heyrði hann hryllilegan hlátur. Og svo sá hann dyrnar á grafhýsinu byrja að opnast hljóðlaust. Þið getið nú ímyndað ykkur að afi beið ekki eftir að sjá hver væri að koma þar út. Hann tók til fótanna og hefur aldrei síðan farið í kirkjugarðinn að næturlagi. Engin lifandi manneskja getur hlegið þannig, sagði afi.


– Afi þinn hlýtur að hafa verið á leiðinni heim af kránni, sagði Nieminen og hló hneggjandi. – Ég trúi sko ekki á drauga.

– Kerlingabækur, staðfesti Kalle en röddin hljómaði ekki alveg sannfærandi.

Nieminen hafði á endanum betur í umræðunni og það var ákveðið að nýi strákurinn yrði tekinn inn með því skilyrði að hann þyrði að fara í Gamla kirkjugarðinn til fundar við drauginn í grafhýsinu.

Daginn eftir sögðu þau Simo frá ákvörðun sinni.

– Ég hef farið í kirkjugarðinn með mömmu, sagði Simo og virtist svolítið áhyggjufullur. – Frekar skuggalegur staður. En þetta grafhýsi er fallett, ábyggilega gert úr marmara.



Hvað hafði herragarðseigandinn gert?

– Það er steinkista í því og steinlokið á henni er svo þungt að enginn getur opnað hana, sagði Nieminen. – Í kistunni er víst beinagrind herragarðseigandans.

Þau kepptust við að segja Simo allar draugasögur sem þau höfðu heyrt um kirkjugarðinn og skálduðu nokkrar í viðbót.

– Ég er nú dálítið smeykur við þetta en ég samþykki það, sagði Simo eftir smá umhugsun. – Má ég taka Turre með?

Nieminen hló. – Allt í lagi, ef þú heldur að hundkvikindið bjargi þér frá dragunum.

Það var fullt tungl í vikunni á eftir. Ákveðið var að Simo hitti þau hin við hlið kirkjugarðsins aðfaranótt þriðjudagsins.

– Við komum sko ekki með, sögðu stelpurnar.

– Þið þorið þá ekki?

– Nei, við þorum ekki. Auk þess finnst okkur þetta allt saman asnalegt, sagði Elina.



Tveimur dögum fyrir hugrekkiþrófið bauð Simo Elinu heim til sín að sjá nýja DVD-spilarann sinn.

– Þú átt flott herbergi, sagði Elina, og þegar hún tók eftir kojunum spurði hún: – Áttu systur eða bróður?

– Já, eldri bróður. En Kauko er ekki oft heima. Hann er að læra í Helsinki, sagði Simo. – Er í alvöru draugagangur þarna í kirkjugarðinum? spurði hann þegar þau voru búin að hlusta á nokkra diska.

– Ég veit það ekki, sagði Elina. – Ég held að strákarnir ætli að reyna að hræða þig einhvern veginn. Það væri alveg eftir Nieminen að fara að leika draug.

Simo varð hugsí á svipinn.

Um miðnætti á þriðjudag biðu strákarnir eftir Simo við kirkjugarðshliðið.

Nieminen var klæddur í lak. Á það voru klippt göt fyrir augun og í kringum þau málaðir svartir hringir. Þegar hann kveikti á litlu vasaljósi innan undir lakinu leit hann út alveg eins og sjálflýsandi vofa.

– Hvernig finnst ykkur? spurði hann hina strákana.

– Svakalega draugalegt, sagði Kalle með aðdáun.

– Ætli Simo þori nokkuð að koma, sagði Antti.

– Ef hann hefur nú misst kjarkinn?

Rétt í því sáu þeir sveiflandi geisla frá vasaljósi sem kom í áttina til þeirra. Simo var á leiðinni á fundarstaðinn með hundinn með sér.

– Ég fel mig núna, sagði Nieminen og stökk inn í kirkjugarðinn.

Stund reimleikanna var runnin upp.

Fullur máninn lýsti á himninum og það glitti í krossana á bak við mosagróinn steinvegginn. Skuggalegast af öllu var grafhýsið sem stóð í miðjum garðinum með dyrnar örlítið opnar.

Nieminen faldi sig á bak við legstein rétt hjá grafhýsinu. Hann hafði fyrr um daginn ákveðið að fela sig í sjálfu grafhýsinu en núna var sú hugmynd alltof óhugnanleg.

Hann hafði haldið að um miðnættið yrði alveg hljótt í kirkjugarðinum en myrkrið virtist vera fullt af daufum hljóðum. Alveg eins og einhver væri að læðast um göngustígana. Eins og einhver væri að hvísla inni á milli krossanna og á bak við legsteinana.

– Ég er ekkert hræddur, sagði Nieminen ákveðinn við sjálfan sig. En um leið fékk hann þó í hnén af hræðslu.

Einhvers staðar að ofan heyrðist skjáf. Svartir vængir flöksuðust í trjákrónunum. Það heyrðist kveinandi skrækur.

Dvergkrákur, Nieminen varpaði öndinni léttar. Hvað hafði truflað næturfrið þeirra?

Hann leit í áttina að grafhýsinu og hjartað byrjaði aftur að hamast. Dularfullur skuggi leið yfir ljósan marmarann. Dyrnar á grafhýsinu virtust vera aðeins meira opnar en þær voru rétt áðan. Hreyfðust þær? Voru þær að opnast hægt og varlega?

Það fór kaldur hrollur niður eftir bakinu á Nieminen, hann beit sig í vörina. Ég er bara að ímynda mér þetta, hugsaði hann. Af hverju kom Simo ekki?

Hann heyrði strákana tala við Simo. – Ertu hræddur? spurði Antti.

– Svólítið, viðurkenndi Simo. – Hvar er Nieminen?

Strákarnir lugu að Nieminen hefði verið gripinn þegar hann reyndi að laumast út. Hann hefði verið rekinn aftur í rúmið.

– Við fórum með tennisbolta að grafhýsinu, sagði Antti. – Þú átt að fara og sækja hann.

– Allt í lagi, sagði Simo.

Nieminen heyrði ískra í hliðinu og brátt sá hann smáfaxinn skugga Simos koma eftir göngustígnum í áttina að grafhýsinu. Turre skoppaði spenntur á undan honum.

Nieminen leit í kringum sig. Fullur máninn ljómaði á himninum og tunglskinið glampaði í augum vængstýfða engilsins og á flagnaðri

Hvers vegna fór kaldur hrollur niður eftir bakinu á Nieminen?

Hvað átti Simo að gera?

gyllingu legsteinanna. Hann sá Antti og Kalle gægjast yfir kirkjugarðsvegginn. Þeir ætluðu ekki að missa af neinu.

Núna verður flott sýning, hugsaði Nieminen. Þeir skulu sko fá ógleymanlega skemmtun.

Þegar Simo var kominn nógu nálægt stökk Nieminen fram undan legsteininum.

– HÚHÚÚ! hrópaði hann með draugalegri röddu.

Simo stansaði. Turre tók að gelta æðislega.

– HÚHÚÚ! æpti Nieminen aftur og sveiflaði handleggjunum svo að lakið flaksaðist í kringum hann.

Simo stóð enn á sama stað og starði á hann. Turre galti og gjammaði og rykkti í ólina. Simo átti fullt í fangi með að halda honum.

– HAAAAAAAAAAAAAAAAAAA! HOHOHOHOHOO!

– Hláturinn glumdi einhvers staðar úr áttinni frá grafhýsinu. Þetta var djöfullegasti og skelfilegasti stórkarlahlátur sem Nieminen hafði nokkurn tímann heyrt. Hann sneri sér við skelfingu lostinn til að gá hvað þetta var.

Á göngustígnum skammt frá dansaði sprelllifandi beinagrind, – nei, steindauð beinagrind.

– HAAAAAAAAAAAAAAAAAAA! HOHOHOHOO!

Beinagrindin varpaði frá sér daufri birtu, hún hoppaði yfir legsteinana og snerist í kringum krossana. Síðan tók hún gríðarlegt heljarstökk.

Nieminen stóð eins og frosinn á staðnum. Hann gat ekki hreyft fæturna hvernig sem hann reyndi. Þeir voru þungir eins og blý. Turre galti enn heiftarlega.

– Í hann, Turre! heyrði Nieminen Simo skipa.

Turre réðst á beinagrindina með grimmdarlegu urri.



Hvers vegna gat Nieminen ekki hreyft fæturna?

Beinagrindin reyndi að hrista hann af sér en Turre glefsaði og beit í hana. Eftir nokkra stund sneri hundurinn aftur til Simos.

Nieminen glennti upp augun þegar hann sá að hundurinn var með langt bein í kjaftinum.

Hann settist fyrir framan Simo og lagði beinið við fætur hans.

Þá heyrðist ámáttlegt væl: LÁTTU MIG HAFA

LÆRLEGGINN MINN AFTUR! Beinagrindin hoppaði í áttina til þeirra á öðrum fæti milli legsteinanna. – KOMDU STRAX MEÐ BEINIÐ MITT! skrækta hún og geiflaði sig illilega.

Þá fyrst tókst Nieminen að hreyfa sig. Hann fleygði af sér lakinu, tók til fótanna og flúði án þess að líta um öxl. Hann stökk yfir kirkjugarðsvegginn og hljóp beina leið heim til sín.

Antti og Kalle stóðu þar undir garðluktinni.

– Sáuð þið? Sáuð þið það? spurði Nieminen andstuttur af skelfingu.

Strákarnir kinkuðu kolli. Það skulfu ennþá á þeim hnén.

– Ég hef aldrei heyrt svona hryllilegan hlátur, sagði Kalle hálf hvíslandi.

– Afi heyrði hann líka, sagði Antti. – Hann sagði mér frá því.

Hvernig hafði farið fyrir Simo? Kannski ættu þeir að fara og gá. En þorðu þeir því?

Allt í einu sáu þeir Turre. Hann kom hlaupandi inn í garðinn og lagðist niður rétt hjá þeim.

Strákarnir stórðu orðlausir þegar hundurinn fór að naga stórt bein sem hann var enn með í kjaftinum.

Það komu fleiri úr áttinni frá kirkjugarðinum. Tvær verur og önnur þeirra var Simo.

Á eftir honum hoppaði beinagrindin.

Nieminen fannst eins og hann hefði fengið martröð.

Beinagrindin náði Simo og greip í höndina á honum.

– Beinagrindarbúningur, sagði Antti allt í einu.



– Þetta er beinagrindarbúningur.

– Góða tunglskinsnótt, ágætu herrar, sagði sá í beinagrindarbúningnum og hneigði sig djúpt.

Svo tók hann af sér hettuna og í ljós kom ljóshært höfuð á ungum manni.

– Ég er Kauko, stóri bróðir Simos, sagði drengurinn glaðlega.

– Ég er í leiklistarskóla. Ég fékk þennan beinagrindarbúning lánaðan í leikhúsinu í gær. Hvernig fannst ykkur sýningin? Strákarnir skoðuðu orðlausir svartan beinagrindarbúninginn og beinin á honum sem lýstu dauft.

Kauko og Simo hlógu að svipnum á þeim.

– Hérna er annars tennisboltinn, sagði Simo og henti boltanum til Nieminens sem bara starði á svífandi boltann án þess að grípa hann. – Er ég núna nógu góður fyrir hópinn?

– Hingað, Turre! skipaði Kauko. Hundurinn hlýddi með dillandi rófu. Beinið í kjafti hans var bara venjulegt nagbein sem hafði verið keypt í búð.

Niemenen fann að hjarta hans var smám saman að hægja á sér. Það hafði verið leikið á hann, en hvílíkur léttir að draugurinn var ekki raunverulegur!

– Vofa í hvítu laki er nú gamalt trikk, sagði stóri bróðir Simos.

– En þú hefur ágæta leikarahæfileika, Niemenen. Ég hef aldrei heyrt svona hrikalegan draugahlátur.

Niemenen var brugðið. – Það var ekki ég sem hló. Alveg örugglega ekki.

– Ég hélt að það hefði verið þú, sagði Simo við bróður sinn.

Kauko hristi höfuðið. – Nei, það var ekki ég. Alveg satt. Hann sneri sér að Antti og Kalle. – Það hefur þá verið annar hvor ykkar?

Báðir strákarnir fullyrtu að þeir hefðu tekið til fótanna um leið og þeir sáu beinagrindina. – Við getum ekki heldur hlegið svona rosalega.

Kauko horfði undrandi á strákana til skiptis. Andlit þeirra voru fól í birtunni frá garðluktinni.

– Hver var það þá?

Nieminen fannst blóðið frjósa í æðum sér. Ég vil fara heim, hugsaði hann.

– HAHAAHAAA! HOHOHOHOO! Glumdi allt í einu frá kirkjugarðinum. Ómennskur rosahláturinn hljómaði eins og einhvers staðar djúpt úr iðrum jarðar.


Strákarnir sneru sér snögg við en sáu aðeins dökkar útlínur trjáanna handan við mosagróinn kirkjugarðsvegginn.

Turre fór að urra í áttina að kirkjugarðinum. Kauko var líka orðinn náfölnur í framan.

Hláturinn hljóðnaði og síðan heyrðist dynkur alveg eins og einhver hefði skellt aftur hurðinni á grafhýsinu.

Strákarnir stóðu og hlustuðu, skelfingu lostnir, háflamaðir með öll skynfæri á fullu. En alls staðar ríkti nú þögn.

Grafarþögn.



Hvers vegna var
Kauko orðinn náfölnur
í framan?

Staldráðu við ...



1. Hvað finnst þér um söguna *Draugurinn sem hló?* Eftirfarandi atriði geta e.t.v. hjálpað þér til að byrja að skrifa.

Þegar ég las söguna:

- fór ég að hugsa um ...
- fannst mér mest spennandi ...
- fannst mér óhugnanlegt ...
- fannst mér undarlegt ...
- líkaði mér best við ... af því að ...
- líkaði mér ekki við ... af því að ...



2. Ræðið saman og skiptist á skoðunum um niðurstöður ykkar í 3–4 manna hópum. Eru þið sammála um einhver atriði, t.d. um það sem ykkur fannst mest spennandi, óhugnanlegt eða undarlegt?



3. Vinnið 2–3 saman. Deilið sögunni niður í jafn marga hluta og hóparnir eru margir, þannig að hver hópur fær einn hluta.

Skráið **orð** og **orðasambönd** úr sögunni sem tengjast hljóðum og gefa henni draugalegt yfirbragð.

Í lokin getið þið raðað saman niðurstöðum allra hópanna, hengt upp á vegg í skólastofunni og notað í eigin ritun.


4. Veljið a) eða b) og notið gjarnan orðalistann sem þið bjugguð til.
 - a) Skrifðið ykkar eigin draugasögu.
 - b) Teiknið mynd eða myndasögu með atriðum úr sögunni og skrifið texta undir.

Varúlfafræði

Fjölmörg lönd eiga sér sögur um menn sem skipta um ham. Varúlfur er dæmi um veru sem getur breyst úr manni í úlf. Trúin á að fólk geti breyst í dýr er afar gömul. Veðimannaþjóðflokkar fyrir þúsundum ára klæddu sig í dýrahúðir og dönsuðu í von um betri veiði. Frumbyggjar Ameríku, indíánarnir, klæddust líka oft skinnum dýra, sennilega í þeirri von að ná sambandi við dýrin. Til eru afrískar sögur um krókódílamenn, hlébarðamenn og hýenumenn. Í Asíu er talað um huli jing, stúlku sem breytir sér í ref og á Indlandi eru til sögur um anda sem ýmist eru í líki manna eða snáka. Sögur um vargtígrisdýr eru sagðar í Malasíu, Kína, Japan og fleiri löndum.

Fyrsti varúlfurinn

Fyrsti varúlfurinn er oft talinn vera Lycaon konungur sem sagt er frá í grísku goðafræðinni. Því var trúað að hann væri einn af fyrstu mönnum og hann átti að sögn fimmtíu syni sem allir voru mannætur. Einu sinni reyndu þeir að fá guðinn Seif til að borða mannakjöt. En Seifur lét ekki gabbast, hann varð frávita af reiði og breytti Lycaoni og sonum hans í úlfa. Sagt er að stundum hafi Lycaon getað farið aftur í líki manns og að hann sé forfaðir allra varúlfa.



Hvað var sérstakt við syni Lycaons konungs?

Hvernig verða menn varúlfar?

Því var stundum trúað að menn breyttust í varúlfa vegna þess að andi úlfs yfirtæki líkamann. Í fornum trúarbrögðum norrænna manna þekktist svipuð trú, þá var sagt að „fylgja“, eða eins konar dýraandi, gæti yfirtækið líkamann og breytt honum í dýr.

Miðaldamenn töldu varúlfinn oft til kominn vegna bölvunar, galdra eða sambands við djöfulinn en oft var talið að fólk gæti ekki að því gert að það yrði fyrir slíkri bölvun. Barn sem fæddist á aðfangadegi jóla átti til dæmis á hættu að verða varúlfur og sjöundi sonur sjöunda sonar sömuleiðis. Sá sem hafði sofið undir fullu tungli á föstudegi gat líka breyst í varúlf. Bit slíkrar veru var hættulegt því þá gátu menn smitast af munnvatni varúlfsins. Í bíómyndum er því oft þannig farið að menn eru bitnir af óargadýrinu og breytast þess vegna í varúlf. Þeir sem búa yfir þeim eiginleika að geta breyst í slíka veru gera það oftast á fullu tungli. Tunglið er gamalt tákni breytinga, enda síbreytilegt. Margir trúa því að það hafi áhrif á menn og dýr. Sumir segjast ekki geta sofið þegar tungl er fullt og hundar og úlfar ýlfra stundum á mánann.


Hvernig gátu menn breyst í varúlfa?

Hvernig þekktist varúlfur og hvernig losnar maður við hann?


Varúlfar eru almennt sagðir með samvaxnar augabrúnir. Í Rússlandi átti varúlfurinn líka að vera loðinn undir tungunni en í nokkrum sögnum frá Frakklandi og Þýskalandi er sagt að þeir séu með stjörnu, svokallað pentagram, á bringunni.

Það er álitnið erfitt að drepa varúlf. Sumir segja að það þurfi að skjóta þá með silfurkúlu en fleiri trúa því samt að það sé best að losna við þá með því að eitra fyrir þeim með plöntu sem heitir venusvagn.

Varúlfa er hægt að lækna með ýmsu móti. Sú einfaldasta er að kalla þrisvar á hann með nafninu sínu. Í sænskri þjóðtrú var sagt að það dygði hreinlega að segja: „þú ert varúlfur“ til að aflétta álögnum. Á miðöldum voru hins vegar hörkulegri aðferðir notaðar, jafnvel krossfesting eða högg í ennið með hníf.



Pentagram



Granninn

það býr varúlfur í húsinu hinumegin
vælir þegar kirkjuklukkur hringja
spangólar alla sunnudaga og á fullu tungli
ýlfrar þegar enginn er máni

á daginn sé ég hann
ganga einsog mann eftir götunni
broshýran og breiðleitan
heilsa kurteislega með hund í bandi

en hann leikur ekki á mig
nei hann leikur ekki á mig

hann leynir sér ekki
guli glampinn í augunum

Magnea J Matthíasdóttir

Staldráðu við ...



1. Hvað gerir varúlfurinn?
2. Hvernig er hann á daginn?
3. Hvað meinar ljóðmælandi þegar hann segir „en hann leikur ekki á mig“?



4. Ljóðmælandinn og granninn mætast.
Skrifið samtali þeirra og leikið það fyrir hina í bekknum.

Þegar tvær persónur tala saman kallast það samtali. Það sem þær segja er bein ræða og er aðgreint með „gæsalöppum“ eða með þankastriki – fyrir framan beinu ræðuna.

– góðan dag, sagði granninn **eða** „góðan dag“,
sagði granninn

– góðan dag, svaraði ég **eða** „góðan dag“, svaraði ég

Varúlfar í Harry Potter og fleiri bókum

Franski rithöfundurinn Alexandre Dumas skrifaði varúlfasögu sem kom út 1857. Fleiri frægir höfundar, t.d. Arthur Conan Doyle, sem skrifaði sögurnar um leynilögreglumanninn Sherlock Holmes skrifaði líka sögur um þessar skepnur. Nær okkur í tíma má nefna gríðarlega vinsælar varúlfasögur eftir bandaríska metsöluhöfundinn Stephen King.

Þekktasti varúlfur í bók sem þú hefur ef til vill lesið er líklega Remus Lupin sem birtist í fyrsta skipti í bókinni Harry Potter og fanginn frá Azkaban eftir J.K. Rowling. Hann er kennari í Hogwarts-skólanum og kallast stundum Vigtönn. Remus

Lupin var bitinn af varúlfi þegar hann var lítill en Albus Dumbledore tók hann þrátt fyrir það inn í Hogwarts-skólann þar sem Lupin kynntist pabba Harrys Potters.

Ef þú hefur lesið bókina eða séð bíómyndina manstu kannski að Dumbledore lét planta eikinni armalöngu fyrir Remus Lupin og gerði ráðstafanir til að hann gæti verið í draugakofanum.

Heldur þú að persónurnar sem venjulega hræða aðra geti sjálfar orðið hræddar við eitthvað?



Staldraðu við ...



1. Vinnið 2–3 saman. Semjið hryllingssögu eða leikþátt með spaugilegu ívafi. Hafið í huga bíómyndir og bækur sem þið hafið séð, lesið eða heyrt um.

Í sögunni eða leikþættinum ykkar látið þið frægar persónur sem þið þekkið hittast. Það getur t.d. verið Drakúla og Frankenstein, eða varúlfar og uppvakningar sem hittast í miðnæturveislu á fullu tungli, eða við aðrar aðstæður sem þekktar eru í hryllingssögum, s.s. á föstudeginum 13.



Hugið að atriðum sem þurfa að vera fyrir hendi í hryllingssögu.

- Hvar og hvenær gerist sagan?
- Hvaða persónur koma við sögu? Eru þær yfirnáttúrulegar eða venjulegar?
- Látið einkenni persónanna koma fram og/eða einhver ráð til að þekkja þær eða losa þær úr álögum.
- Um hvað á hryllingurinn að snúast?
- Hvaða leið ætlið þið að velja til að hræða lesandann?
- Ef þið skrifið sögu notið þá bæði beina og óbeina ræðu.
- Finnið góðan titil.




2. Lesið söguna upphátt fyrir bekkinn eða leiklesið leikþáttinn. Hafið í huga að tala hátt og skýrt og ekki of hratt.

Strandanornir eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur er saga sem fjallar um fjölskyldu sem fer í ævintýrlegt ferðalag norður á Strandir til að kveða niður dularfulla veru úr fortíðinni.

Á meðan þú lest eða hlustar á söguna taktu þá vel eftir því hvernig persónunum er lýst.

Hugsaðu t.d. um Kolfríði og skrifaðu hjá þér þegar eitthvað er sagt um hana, hvernig hún lítur út og hvernig hún er. Skoðaðu einnig orð sem þú skilur ekki og skrifaðu þau hjá þér.



Ámundi og grátkonan

[...] – Ég var næstum búinn að gleyma vesalingnum, sagði Marsellíus og sveiflaði sér upp í bílstjórásætið. Hann hefur haldið að ég ætlaði að taka skjalatöskuna með því hann lá ofan á henni inni á tilraunastofu til að verða ekki eftir.

Morgunsólin kastaði sér yfir Reykjavíkurborg og vélin var ræst. Það rumdi og drundi í gamla díseljálknum þegar hann sigldi af stað út úr bílastæðinu við Ljósheima. Ferðalangarnir voru þöglir og spenntir og notalegt urrið í Víboninum rauf morgunkyrrðina.

Fyrir utan Vestfirska sjómannaheimilið sat Ámundi gamli á bekk með sjópoka. Hann hélt á forláta trélampanna sem í voru skornir þorskhausar og í kjöltunni hafði hann lítið líkan af togara.

– Það viðrar bara skolli og árans vel á okkur, sagði Ámundi um leið og hann staulaðist upp í bílinn. Hann fékk sér sæti aftast, á móti Jófríði og Valentínusi, hélt fast um lampann og hafði skipið í kjöltunni. Marsellíus batt sjópokann á þakið.

– Ætli það fari ekki best um þig þarna, Ámundi minn, kallaði Ástríður aftur í bílinn. Og reyndu svo að nota frekar jákvæð og falleg orð, karlinn minn. Það eru nú einu sinni börn í bílnum.

Hvers vegna á Ámundi að reyna að nota jákvæð og falleg orð?

– Þetta er nú skrambans nógu gott fyrir gamla rumpinn á mér! kallaði Ámundi um leið og hann hagræddi sér í mjúku sætinu.

– Til hvers þarftu að hafa með þér lampa og skip? spurði Valentínus og horfði undrandi á Ámunda.

– Nú, lampaskrattann fékk ég frá félögunum þegar ég hætti á sjónum og dugguna smíðaði ég sjálfur. Þetta er nú eina skollans draslið sem ég á og ég skil það ekki við mig þótt ég bregði mér í ferðalag, svaraði Ámundi ákveðinn.

Áfram skrölti húsbíllinn og leiðin lá upp í Breiðholt. Kolfríður stóð í morgungeislunum fyrir utan blokkina sína, umkringd ótal plastpokum, strigaskjóðum, pinklum og pjönkum. Hún var með brúnan flókahatt á höfði, í svörtum gúmmístígvélum og með svart ullarsjal langömmu sinnar á herðunum. Upp úr skjóðunni sem hún hélt á stóð hausinn á Jóni glóa.

– Góðan daginn, leiðangursmenn. Það viðrar vel til ævintýraferða! kallaði hún um leið og hún rigsaði með Jón glóa upp í bílinn. Hún heilsaði Ástriði með kossi og fór svo aftur í bílinn og kyssti Valentínus og Ámunda, en Jófríði heilsaði hún með handabandi.



Jófríður útskýrði ruglingslega hvernig hún væri lent í þessu ferðalagi og Kolfríður horfði rannsakandi á hana á meðan og hristi svo höfuðið. Hún kom sér fyrir við borðið hjá Messiönu og Úrsúlu og kafaði ofan í tösku sína. Jón glói stökk upp úr og hvæsti svo illskulega á Buska ræfilinn að hann vældi ámátlega og lagðist á kviðinn á kassanum frammi í bílnum. Það tók Marsellíus heila eilífð að koma öllu hafurtaskinu hennar Kolfríðar fyrir á bílnum.

– Þarf lukkupotturinn að fara með, mamma? spurði hann blíðlega þar sem hann stóð í gættinni með stóra pottinn.

– Auðvitað, svaraði Kolfríður. Það er nú það síðasta sem ég skil eftir. Marsellíus sætti sig við svarið, fór út og hélt áfram að hlaða farangri á þakið. Á meðan brólti Kolfríður fram í bílinn og tók til við að hengja ofurlítinn poka í baksýnispegilinn. Að auki hengdi hún þar lufsulegan vönd af torkennilegri jurt og svartan stein í bandi.

Ástríður fylgdist með og brosti í kampinn en ákvað að biðja ekki um skýringar.

– Hana, þetta ætti að duga. Nú bitur ekkert á þetta farartæki, sagði hún, batt rembihnútt á spottann og settist svo hjá systrunum.

Messíana og Úrsúla vildu hins vegar nákvæmar skýringar á þessum tilfæringum.

– Hvað ertu að gera, amma? spurði Úrsúla áhugasöm.

– Oh, þetta færir okkur nú bara hylli og hamingju og verndar okkur gegn illu. Ekki veitir af, ekki veitir af, tautaði Kolfríður og rótaði í skjóðunni sinni.

– Hvað er í litla pokanum? spurði Messíana sem var ekki sáttt við loðin svör ömmu sinnar.

– Hvað nema varnarstafur Valdemars, sagði Kolfríður og virtist sem minnst vilja ræða það sem hékk í speglinum.

Marsellíus var loksins búinn að hlaða bílinn og stökk inn. Hann setti í gang og áfram malaði Víboninn út úr borginni.

– Er hann á blaði eða spýtu, þessi varnarstafur? spurði Úrsúla forvitin.

Hvað hengdi Kolfríður í baksýnispegilinn og til hvers?

Hvorugt, svaraði Kolfríður. Hann er ristur með skarkolaparmi á himnu hænueggs. Skurnina setti ég svo í öskju ofan í litla pokann svo hún brotnaði ekki.

– Og hvað gerir svona Valdemarsstafur? spurði Messíana tortryggin.

– Nú, hann er mikið notaður og þykir sérstaklega öflugur til verndar gegn illu. Að vísu á að geyma hann í hatti sínum, en hann gagnast okkur öllum betur þarna, sagði Kolfríður og hélt áfram að róta í skjóðunni.

– En hvaða blóm hengdirðu á spegilinn? spurði Úrsúla ákveðin.

– Óttalegt spurningaflóð er þetta, stelpur mínar, sagði Kolfríður. Jurtin atarna er fjandafæla og henni er ætlað að fæla burtu drauga og ýmislegt óhreint, og steinninn er agat, sömuleiðis mjög góður gegn afturgöngum og verndar þar að auki gegn galdri.

– eru þetta gömul Strandamannaráð? spurði Messíana og stokkaði spilin.

– Já, það má segja það, sagði Kolfríður, dró upp litla bók og lagði skjóðuna á gólfið. Valentínus fylgdist áhugasamur með samtalinu.

Hann hafði alltaf haft mikinn áhuga á göldrum og fannst óskiljanlegt að hann hefði ekki erfitt eitthvað af hæfileikum ömmu sinnar. Árum saman hafði hann legið yfir gömlum bókum um jurtir, steina, stafir og bænir og gert ótal tilraunir sem allar höfðu mistekist.

– Þú hefur þetta bara ekki í þér, ljúfurinn, sagði amma Kolfríður ávallt hlýlega við hann. En þú hefur tónlistina þína og það eru nú galdrar í lagi. Valentínus var ekki sáttur við þessi svör en sannfærður um að hann hlyti að búa yfir ofurmætti sem hann þyrfti bara að finna í sjálfum sér.

– eru ekki allir ánægðir með bílbeltin? kallaði Marsellíus aftur í bílinn.

– Jú, þau eru tær snilld, pabbi, sagði Valentínus ánægður. Hinir skoðuðu beltin betur og voru sammála um að betri gætu þau ekki verið.

Marsellíus hafði nefnilega saumað og hannað ný bílbelti í gamla fjallagarpinn sem var svo gamall að hvergi var að finna í honum belt í aftursætum. Á nýju beltin hafði hann saumað axlarkodda svo það var verulega gott að leggja sig og framan á þeim hékk lítill tauvasi ætlaður fyrir spil, veski, gleraugu, farsíma eða bara hvað sem var.

Hvað gerir fjandafæla?

Hvað er það sem Valentínus hefur ekki í sér?

Ævintýraskrjódurinn sigldi sína leið og tók stefnuna í norður. Kolfríður sat teinrétt með Jón glóa í fanginu og horfði út um bílgluggann. Hún var í raun mjög glæsileg norn, svarteyg með stórt og mikið oddhvasst nef, agnarsmáar varir sem hún málaði blóðrauðar á hverjum morgni og heljarinnar undirhöku sem hún sagði nauðsynlega til þess að höfuðið hvíldi mjúklega á hálsinum. Síða hárið var einkennilega svart með blárri sliktju. Líklega hafði hún litað það svo oft svart í gegnum tíðina að það var eiginlega orðið blásvart.

Skyndilega leit hún hvasst á sonardætur sínar þar sem þær sátu og spiluðu ólsen númer níutíu og þrjú.

– Þið skuluð ekki halda að þið eigið eftir að sitja hér og góna út um gluggann og blaðra tóma vitleysu, sagði hún í hálfum hljóðum við þær. Messíana og Úrsúla hættu að spila og horfðu undrandi á ömmu sína.

– Ónei, hélt hún áfram. Við höfum öðrum hnöppum að hneppa.

Við eigum stefnumót við fortíðina.

– Hvað meinarðu, amma? spurði Úrsúla íbygginn.

– Ég meina það sem ég segi. Þetta verður ekkert venjulegt ferðalag. Það er ekkert venjulegt að heimsækja Strandir. Þar getur allt gerst og ég veit fyrir víst að ýmislegt mun henda okkur. Eitthvað verður erfitt og annað auðveldara. Eitt er víst að ég mun þurfa á hjálp ykkar að halda og þið verðið að vera sterkar. Getið þið það? spurði Kolfríður og hvessti augun á stelpurnar.

Systurnar litu hvor á aðra. Stundum var dálítið erfitt að skilja ömmu þeirra. Þær voru svo sem vanar því að hún væri alvarleg, en aldrei hafði hún verið eins ábúðarfull og myrk í máli sem nú.

– Auðvitað getum við það, amma, svaraði Messíana og kinkaði kolli til ömmu sinnar. Við erum nautsterkar, er það ekki, Úrsúla?

– Ha, jú, alveg ofboðslega sterkar, eða þannig. Ég er ekkert sérstaklega handsterk, en ég er svakalega sterk í fótunum, sagði Úrsúla og brosti ánægð.

– Það kemur málinu ekki við, en þetta kemur í ljós, kemur allt

Hvernig misskildu stelpurnar ömmu sína þegar hún sagði að þær yrðu að vera sterkar?

í ljós, tautaði Kolfríður, stakk litlu galdrabókinni ofan í skjóðuna, greip þrjónadót og tók til við að þrjóna lopahúfu.

– Jón glói malaði í fangi húsmóður sinnar í takt við bílvélina.

Í framsætinu sungu þau Ástríður og Marsellíus Svífur yfir Esjunni, en aftur í bíl var Ámundi gamli að segja Jófríði og Valentínusi frá því þegar bátnum hans hvolfdi í ofsaroki á Norðurfirði.

Staldráðu við ...



1. Ræðið saman um efni sögunnar og hafið þessar spurningar til hliðsjónar.

- Hvað í sögunni gefur til kynna hvernig veðrið er þegar hópurinn leggur af stað í ferðalagið?
- Hvert er ferðinni heitið og hvar á landinu er það?
- Hvað var í litla pokanum hennar Kolfríðar?



2. Veldu a) eða b).

- a) Hvernig líta persónurnar út? Teiknaðu þær eins og þú heldur að þær líti út eða finndu mynd í blaði eða á netinu sem þér finnst líkjast persónunum. Með því að láta persónueinkenni koma fram þarftu að ýkja drætti myndarinnar. Skrifaðu texta undir myndina með lýsingu af því sem þú vilt láta koma fram um persónuna.
- b) Semdu krossglímuljóð um persónu í sögunni. Raðaðu stöfunum í nafni hennar lóðrétt og finndu orð sem passa við hana, hafðu í huga bæði eiginleika hennar og staðreyndir sem þú hefur lesið.




3. Takið eftir því hvernig höfundurinn notar mismunandi orð fyrir sama hlut. Til dæmis er bíllinn kallaður Víbon, fjallagarpurinn, ævintýraskrjóður, farartæki eða bíll.

Finnið fleiri dæmi í textanum þar sem ólík orð eru notuð um sömu eða svipaða hluti.



4. Finnið út merkingu orðanna sem þið skrifuðu hjá ykkur við lestur kaflans.

Kaflinn „Góðir gripir“ er úr sögunni *Týndu augun* eftir Sigrúnu Eldjárn. Hún fjallar um Jonna og Stínu sem eru í sveit þar sem alltaf er þoka. Þau flýja en lenda í úfnu hrauni og dularfullum skógi þar sem óvæntir atburðir gerast. *Týndu augun* er fyrsta bók í þrileik, seinni bækurnar heita *Frosnu tærnar* og *Steinhjartað*.



Svo þetta er þá heimili dvergsins! Hérna inni í klettinum! Jonni glennir upp augun og lítur forvitinn í kringum sig. Það er allt á rúi og stúi. Þarna eru kistlar og krúsir, vélar og vaðstígvél, gamlar bækur og gúmmíhanskar, skritin verkfæri, undarleg matvæli og alls kyns furðulegt járnarusl, hvað innan um annað. Þarna er líka ýmislegt úr ríki náttúrunnar, svo sem steinar, þurrkaðar jurtir og uppstoppuð dýr. Auk þess óteljandi aðrir gripir af öllu hugsanlegu tagi. Hann lætur Rekkjusvínið síga niður á gólf og það hleypur strax þefandi og snuðrandi út í hvern krók og kima og rannsakar þennan furðulega stað af svínslegum áhuga.

„Ofboðslega áttu mikið af spennandi dóti!“ segir Jonni hrifinn.

Sjálfur á hann heilmikið dót heima hjá sér en hann hefur ekki séð neitt af því síðan Valgerður frænka kom og fór með þau í sveitina. Nú þegar hann sér allt þetta finnur hann hvað hann saknar þess mikið.

„Já, já, það eru tóm vandræði með allt þetta dót,“ svarar Rindill mæðulega „Það safnast svo mikið fyrir hjá mér. Hrúgast bara upp. Hinir dvergarnir eru sífellt að færa mér einhverja gripi sem þeir halda að ég geti notað. Drasl og dót og dauða fugla. Ég er nefnilega aðal uppfinninga- og samsetningadvergurinn á svæðinu, þó að það sé vandræðalegt fyrir mig að greina frá því sjálfur. En snúum okkur nú heldur að þeim vandræðum sem máli skipta og þá skulum við hafa eftirfarandi í huga:

Í fyrsta lagi: Þú og þitt svín þurfið að fá að éta. Það er lífsspursmál!“

Grísinn sperrir eyrun og Jonni heyrir garnirnar í sér gaula.

„Í annan stað: Ég þarf persónulega og vandræðalaust að útvega þér ýmislegt sem að gagni kann að koma.

Og í þriðja og síðasta lagi: Þú og þitt svín verðið að koma ykkur af stað sem fyrst og hefjast handa við það sem til er ætlast af ykkur!“

Þegar hagleiksdvergurinn Rindill hefur borið alls kyns undarlega rétti á borð fyrir Jonna og Rekkjusvínið fer hann að æða um og leita að einhverju í dyrum og dyngjum. Hann gramsar í kistum og kössum, hann skríður undir stóla og borð og þrilar upp stiga til að komast í efstu hillurnar í bókaskápum. Hann þusar og tautar og rífur hár sitt og skegg en virðist ganga illa að finna það sem hann leitar að.

„Vandræði, meiri vandræði og hvílík dómadags óreiða! Nú finn ég bara alls ekki neitt... Eða hvað? JÚ! Svei mér þá, hérna er hún!“

Hann dregur fornfálega skinnbók varlega undan einni bókahillunni og blæs af henni rykið. Svo tyllir hann sér hátíðlegur í grænan, slitinn hægindastól, setur á sig gleraugu með rauðum glerjum og flettir fram og til baka í bókinni.



Jonni og Rekkjusvínið sitja hinir rólegustu að snæðingi.

„Þetta er æðislega góður matur,“ segir Jonni og smjattar, „næstum eins góður og pizza. En hvað er þetta annars?“

„Ha?“ segir Rindill annars hugar. Hann er niðursokkinn í bókina. „Ha, hvað segirðu? Já... þetta?“ Hann lítur á Jonna yfir gleraugun. „Þetta eru hverabakaðir brekkusniglar og ánamaðkar með hvannarótarsósu og... hérna, hvað var hitt nú aftur? Jú, nú man ég. Fíflarjómalagað áttfætlugratín með léttsteiktum býflugum. Ljómandi hollir og bragðgóðir réttir báðir tveir, þótt ég segi sjálfur frá, og vandræðalausir með öllu.“

Jonni leggur umsvifalaust frá sér gaffalinn og spýtir munnfylli út úr sér á diskinn.



„Ég veit sko alveg að það er dónalegt að klára ekki matinn sinn, sérstaklega svona í annarra manna húsum... eða klettum, réttara sagt, en ég er bara allt í einu orðinn eitthvað svo rosalega saddur. En grísinn minn vill örugglega klára þetta allt, er það ekki í lagi?“ spyr Jonni milli vonar og ótta. Hann getur ekki hugsað sér að borða meira af kóngulóm eða sniglum.

Af hverju varð Jonni allt í einu saddur?

„Jú jú, allt í lagi, þú hefur hvort eð er ekki tíma til að éta meira núna því ég er loksins búinn að finna það sem leitað var að.“

Rindill tekur fram önnur gleraugu með rauðum glerjum og skellir þeim á nefið á Jonna. Því næst lætur hann sveran blekpena og þrjár skinnþjötur á borðið fyrir framan hann og sýnir honum síðan myndir í skinnbókinni.

„Líttu hér í bókina, herra minn, og horfðu vel og vandræðalaust

á þessi tákni. Þetta eru hjálparhringar Karlamagnúsar og geta komið sér vel fyrir þig. Þú átt að teikna þá upp á þessar þrjár geitaskinnspjötur á meðan ég les til hvers þeir eru. Þetta eru þrjú kerfi og hvert þeirra er samsett úr þremur hringum. Taktu nú vel eftir því sem ég les og leggðu það á minnið á meðan þú teiknar.“

Rindill dregur djúpt andann og hefur svo lesturinn hátíðlegri röddu:

„Fremsti hringur fyrsta kerfis er vörn við öllum fjandans prettum og óvinaárásum og hugarvíli. Annar er vörn við bráðum dauða og niðurfalli og hjartaskelfing allri. Þriðji er vörn við óvina reiði svo að þeir skelfist í hug sínum þegar þeir líta þann sem hringana hefur.“

Jonni skilur ekkert af því sem Rindill les upp nema óvina reiði en hann reynir af fremsta megni að líkja eftir hringunum í bókinni. Sem betur fer eru þetta ekki mjög flóknar myndir svo þetta gengur bara þokkalega hjá honum. Brátt er fyrsta kerfið komið á fyrstu skinnpjötluna.

„Gott hjá þér,“ segir dvergurinn ánægður. „Nú áttu að teikna upp annað kerfi á næstu skinnpjötlun.“

„Fremsti hringur annars kerfis er vörn við sverðabiti. Annar hringur er vörn við apangangi og að maður villist ekki. Þriðji er vörn við reiði höfðingja og allri ofsókn illra manna.“

„Hvað er apangangur?“ Jonni gerir hlé á teikningunni. „Er það kannski ef maður gengur eins og api? Hvernig ganga apar eiginlega? Sveifla þeir sér ekki bara í trjánum með mannaskít á tánum?“

Rindill ræskir sig og horfir strangur á hann yfir rauðu gleraugun.

„Apangangur merkir það sama og fíflangangur, bjánalæti eða eitthvað þess háttar. Og hættu nú umsvifalaust þessum apangangi og dragðu upp þriðja kerfið á síðustu pjötluna.“

„Fremsti hringur þriðja kerfis aflar málasigurs í fjölmenni og vinsæli allra manna. Annar hringur er vörn við öllum ótta. Þriðji varnar líkamans lostum og munaðlífi.“

„Að lokum þetta og taktu nú vel eftir,“ segir Rindill íbygginn.

„Þessa níu hringa skal bera á brjósti sér eða á annarri hvorri hlið þá maður á von á óvin sínum.“

„En ég á sko enga óvini svo að ég þarf kannski bara að nota hringinn sem virkar á móti apangangi,“ segir Jonni hugsandi og mátar rauðu gleraugun á Rekkjusvínið.

Rindill dæsir og hristir höfuðið ótt og títt.

„Þetta eru sífellt meiri vandræði, herra minn. Þú verður að muna að þótt þú haldir að þú eigir enga óvini, þá eru margir hér um slóðir sem líta á ÞIG sem óvin SINN. Og einn þeirra er hér ansi nærri.“ Rindill sprettur óttasleginn á fætur. „Satt að segja heyri ég til hans núna!“

„Komdu strax, vandræðin nálgast óðfluga! Æ, æ, æ, og ég sem á eftir að láta þig fá bæði vopn og ægishjál. Hvaða vandræði!“

Hann dregur Jonna á eftir sér út í horn. Þar er pínulítill læstur kistill. Rindill opnar hann og tekur upp úr honum lítið og skrítið tákni úr örþunnum málm. Hann heldur því á loft svo Jonni sjái það vel.

„Þetta tákni heitir ægishjálmur og það er mótað í blý. Honum skal þrýsta á enni sér svo hann tolli milli augnabrána. Með þá mynd á maður að ganga á móti óvini sínum og er manni þá sigur vís.“

Næst dregur Rindill grænan bandspotta upp af kistubotninum.

„Ég sé nú alveg hvað þetta er,“ segir Jonni. „Þetta er sippuband! En er ekki svolítið erfitt að sippa hérna inni í steininum?“

„Þetta er ekki sippuband heldur fjötrar sem enginn getur leyst annar en sá sem bindur þá. Þeir eiga eftir að koma sér vel fyrir þig. Og að lokum ...“ Rindill lítur hátíðlegur á svip á Jonna og Rekkjusvínið.

„Að lokum er það aðalatriðið: ÖXIN!“

Hann tekur lítinn böggul úr rauðu flaueli upp úr kistlinum. Þegar hann hefur vafið utan af honum blasir við örlítill silfurslegin öxi. Jonni teygir sig fram og gónir á hana. Hann er hálfvonsvikinn.

„Þetta er nú bara asnaleg dúkkuöxi! Hún passar fyrir Barbí. Það er ekkert hægt að berjast með svona pínulítlu dóti.“

„Vertu ekki of viss, herra minn, hún leynir á sér þessi, skal ég segja þér. En nú megum við alls ekki tefja stundinni lengur. Það gæti valdið

Hvar á maður að setja ægishjálminn svo hann virki?



tómum vandræðum. Taktu nú undireins skinnþjötlnar þrjár með hringum Karlamagnúsar, öxina, ægishjálminn og fjötrana og láttu þetta allt í töfrapyngju þína.“

„Töfrapyngju? Ég á ekki neina ... ertu að meina gamla ljóta pokann sem Skafti gaf mér? Er hann töfrapyngja? Hvernig virkar hann þá?“ spyr Jonni forvitinn.

„Töfrapyngjan varðveitir mátt gripanna sem í hana eru látinir. Ég hef engan tíma til að útskýra þetta fyrir þér núna. Það eru vandræði í uppsiglingu!“

Í sama bili heyrir gífurlegur skarkali fyrir utan klettinn. Rindill hrekkur við og æðir skelkaður um híbýli sín.

„Það er aðeins eitt mjög mikilvægt atriði eftir. Ég má alls ekki GEFA þér þessa hluti því þá hafa þeir engan mátt. Þú verður að KAUPA þá af mér. Hefurðu eitthvað til að borga með? FLJÓTUR!“ Rindill æpir upp yfir sig því hávaðinn fyrir utan verður meiri og meiri.

„Úbbs!“ segir Jonni sorgmæddur, „ég á ekki neina peninga. Ekki eina einustu krónu. Er þá allt ónýtt?“

„Nei, ég hef ekki baun að gera með einhverjar krónur hér úti í hrauninu,“ svarar Rindill. „Ertu ekki með eitthvað almennilegt? Hvað ertu með í vösunum? Sýndu mér það, fljótt, fljótt!“

Skarkalinn fyrir utan eykst um allan helming!

Jonni grefur hendurnar djúpt í vasa sína og gramsar í þeim. Loks dregur hann upp tvo ryðgaða og bogna nagla, skítugan brjóstsykursmola og lítið tölvuspil.

„AAA! Þetta list mér vel á,“ segir Rindill og bros færir yfir hrukkótt andlit hans. Hann hrifsar brjóstsykurinn og tölvuspilið úr höndum Jonna. Naglana list honum greinilega ekkert á.

„Skuldin er greidd!“ segir hann hraðmæltur.

Á sama augnabliki opnast dyrnar á klettinum og illileg rödd þrumar:

„RINDILL! ÉG VEIT AÐ ÞÚ ERT ÞARNA, HELVÍSKUR!


Með hverju keypti Jonni hlutina í töfrapyngjunni?

Það eru einhver KRAKKAFASTYRMI á sveimi hérna í hrauninu. Hjálpaðu mér að veiða þau því það er ár og dagur síðan ég hef fengið almennilega KRAKKASTEIK!“

„Ó, nei!“ æpir Rindill og grípur í flýti fjólubláa glerflösku sem stendur á borðinu. „Getur verið að presturinn sé á ferðinni núna ... eða er þetta tröllið?“

Hann skvettir í ofboði úr flöskunni yfir bæði Jonna og Rekkjusvínið. Á samri stundu finnst þeim eins og þykkt teppi leggist yfir þá ... svo verður allt hljótt.

Jonni rígheldur í grísinn svo að hann komi ekki upp um þá. Þeir sitja hreyfingarlausir í hnipri dágóða stund. En þegar ekkert gerist og ekkert heyrst gægist hann ofurvarlega undan teppinu. Þá sér hann strax að þetta er ekkert teppi heldur þykk og grá mosabreiða í endalausum hrauninu. Híbýli dvergsins eru gjörsamlega horfin og það er enga lifandi veru að sjá svo langt sem augað eygir.



Ægishjálmur.

Í 1. persónu (ég) frásögn segir rithöfundur sögu út frá sjónarhorni einnar persónu. Hann sér þá eingöngu í hug persónunnar sem hann segir frá en ekki í hug annarra persóna sögunnar.

Staldráðu við ...



1. Veldu a) eða b)

a) Skrifðu nákvæma lýsingu á því sem fyrir augu ber á heimili dvergsins í klettinum.

- Hvernig er umhorfs, hvernig lítur umhverfið út?
- Hvernig er lyktin?
- Hvernig er hitastigið?
- Hvaða hljóð heyrast?

b) Skrifðu sögu út frá sjónarhorni Rekkjusvínsins. Hafðu frásögnina í fyrstu persónu þar sem svinið segir frá sem „ég“.

Hugmyndir sem þú getur nýtt þér í byrjun:

- Aldrei á ævinni hef ég komið inn ...
- Ég er að niðurlotum kominn. Hef ekkert fengið að borða í allan dag ...
- Hvar ætli hann hafi fengi þessi gleraugu? Ég er farinn að sjá svo illa ...



2. Veldu a) eða b)

a) Jonni og Rekkjusvínið fá ýmsar kræsingar að borða hjá Rindli.

- Útbúið matseðil eins og klettur Rindils væri veitingahús.
- Lýsið réttunum sem í boði eru vel og vandlega og hafið myndir með.



b) Spinnið stuttan leikpátt um það sem gerist þegar Jonni og Rekkjusvínið hitta óvinina og þurfa að nota það sem Rindill lét Jonna fá.

Hafið eftirfarandi atriði í huga:

- Hverjar eru aðstæðurnar?
- Hvaða aðrar persónur eru á staðnum?
- Hvað gerist?
- Hvernig endar leikpátturinn?

3. Útbúið galdrabók bekkjarins og/eða eigin galdrabók. Finnið galdraskræður á bókasafninu og/eða upplýsingar á netinu. Þið getið líka búið til ykkar galdratákn og skrifað lýsingu við þau.

Heimildir

- Barbara Stieff. 2008. *Hundertwasser for kids / Harvesting Dreams in the Realm of the Painter-King*. Prestel Verlag, Munich – London – New York.
- Birgitta Stefánsdóttir og Stefán Gíslason. 2015. *Er það satt að plasteyjur, miklu stærri en Ísland, fljóti um heimshöfin?* <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=54188> (Skoðað 1. nóvember 2015).
- Bryndís Björgvinsdóttir. 2009 Stóra nammilandsmálið: *½ gramm af njálgi gert upptækt. Stúdentablaðið 2*. tölublað.
- Einar Falur Ingólfsson. 2010. *Sögustaðir: í fótspor W. G. Collingwood*. Crymgea: Þjóðminjasafnið, Reykjavík.
- Erlandson, Ása. 2004. *Tomten kom hem, nu blir det jul*. <http://www.aftonbladet.se/resa/article10513131.ab> (Skoðað 1. nóvember 2015).
- Frank, Anne. 1983. *Dagbók Önnu Frank*. Sveinn Víkingur þýddi. 2. útg. Iðunn, Reykjavík.
- Gerður Kristný. 2012. *Strandir*. Mál og menning, Reykjavík.
- Hannes Pétursson. 1977. *Kvæðasafn 1951-1976*. Iðunn, Reykjavík.
- Hermann Stefánsson. 2004. *Níu þjófalyklar*. Smásögur. Bjartur, Reykjavík.
- Ingunn Snædal. 2008. *Í fjarveru trjáa: vegaljóð*. Bjartur, Reykjavík.
- Jakobsson, Anders og Olsson. Sören. 1992. *Fyrstu athuganir Berts: janúar – apríl*. Jón Daníelsson þýddi. Skjaldborg, Reykjavík.
- Jóhanna Kristjónsdóttir. 1996. *Á leið til Timbúktú*. ferðaljóð. Fróði, Reykjavík.
- Jón Árnason. 1958. *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri V*. Safnað hefur Jón Árnason. Bókaútgáfan Þjóðsaga, Reykjavík.
- Kimselius, Kim M. 2009. *Aftur til Pompei*. Elín Guðmundsdóttir þýddi. Urður, Hafnarfirði.
- Kristín Helga Gunnarsdóttir. 2003. *Strandanornir*. Mál og menning, Reykjavík.
- Kristín Ómarsdóttir. 2008. *Sjáðu fegurð þína*. Uppheimar, Akranesi.
- Kristjana Friðbjörnsdóttir. 2011. *Dagbók Ólafíu Arndísar*. JPV, Reykjavík.

- May, Trine. 2009. *Eventyrlige fortællinger*. Gyldendal uddannelse, Kaupmannahöfn.
- May, Trine. 2013. *Gyselige fortællinger*. Gyldendal uddannelse, Kaupmannahöfn.
- May, Trine. 2014. *Fantastiske fortællinger*. Gyldendal uddannelse, Kaupmannahöfn.
- Monterroso, Augusto. 2012. *Svarti sauðurinn og aðrar fábúlar*. Kristín Guðrún Jónsdóttir þýddi og ritaði eftirmála. Bjartur, Reykjavík.
- Möller, Lotte. 1999. *Tankar om trädgården*. Prisma, Stokkhólmi.
- Nilsson-Brännström, Moni. 2003. *Tsatsiki og pápi*. Friðrik Erlingsson þýddi. Salka, Reykjavík.
- Pétur Gunnarsson. 1989. *Vasabók*. Punktur, Reykjavík.
- Pop-corn. *Morgunblaðið* 14.07. 1928. Sótt 05.01.2016 af timarit.is
- Rakel Pálsdóttir. 2001. *Kötturinn í örbylgjuofninum og fleiri flökkusögur úr samtímanum*. Bjartur, Reykjavík.
- Rowling, J.K. 2000. *Harry Potter og fanginn frá Azkaban*. Helga Haraldsdóttir þýddi. Bjartur, Reykjavík.
- Salka Guðmundsdóttir. 2015. *Í glasinu*. Áður óbirt leikrit.
- Sigrún Eldjárn. 2003. *Týndu augun*. Mál og menning, Reykjavík.
- Sigurður Pálsson. 2010. *Ljóðlínusafn*. JPV, Reykjavík.
- Skáldagjöf*. 2011. Ritstj. Gunnar Smári Egilsson. SÁÁ, Reykjavík.
- Toivola, Ritva. 2006. *Draugurinn sem hló*. Mál og menning, Reykjavík.
- Townsend, Sue. 1985. *Dagbókin hans Dadda*. Björg Thorarensen þýddi. Fjölvi, Reykjavík.
- Vilborg Dagbjartsdóttir. 1992. *Klukkan í turninum*. Forlagið, Reykjavík.
- Þórarinn Eldjárn. 2001. *Grannmeti og átvextir*. Vaka-Helgafell, Reykjavík.
- Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir. 2006. *Stelpan frá Stokkseyri: saga Margrétar Frímansdóttur*. Hólar, Reykjavík

Ljósmyndir og teikningar

Teikningar:

smátákn við verkefni: Karl J. Jónsson

bls. 4, 6, 7, 8, 10, 18, 21, 24, 34, 35, 47, 48, 54, 55, 58, 64, 68, 75,
78, 85, 98, 102, 105, 106, 112, 116, 117, 122, 123, 124, 127: Lára
Garðarsdóttir

Ljósmyndir:

Kápumyndir: Emka74/Shutterstock.com

bls. 9 nattanan726/Shutterstock.com

bls. 13 Melica/Shutterstock.com

bls. 15 eans/Shutterstock.com

bls. 16-17 Grafner/Dreamstime.com

bls. 26 e: Photo collection Anne Frank House, Amsterdam.

Mynd tekin í maí 1942. n: Alexander Voronzow/Wikimedia Commons

bls. 29 inxti/Shutterstock.com

bls. 30 Lukiyanova Natalia/frenta/Shutterstock.com

bls. 31 Axel Bueckert/Dreamstime.com

bls. 32 Mark Herreid/Shutterstock.com

bls. 41 Shebeko/Shutterstock.com

bls. 42 vividvic/Shutterstock.com

bls. 44 photastic/Shutterstock.com

bls. 45 e: HomeStudio. m: 3D Vector/Shutterstock.com

n: Khabarushka/Shutterstock.com

bls. 50-51 George Steinmetz

bls. 53 Með góðfúslegu leyfi frá Missouri Department
of Conservation

bls. 56 kanvag/Shutterstock.com

bls. 57 huntz/Shutterstock.com

Bls. 60 e: Friedensreich Hundertwasser. © 2013 Hundertwasser Archive, Vienna. n: Ekaterina Lin/Shutterstock.com. Josef Krawina, prófessor í arkitektúr og meðhöfundur Hundertwasser. Útfærsla: Peter Pelikan arkitekt. Íbúðarhús í borginni Vín, 1983-1985.

bls. 63 Einar Falur Ingólfsson

bls. 65 Madlen/Shutterstock.com

bls. 66-67 Viacheslav Lopatin/Shutterstock.com

bls. 80 FrameAngel/Shutterstock.com

bls. 81 potowizard/Shutterstock.com

bls. 82 Kostenko Maxim/Shutterstock.com

bls. 83 anyaivanova/Shutterstock.com

bls. 84 Toa55/Shutterstock.com

bls. 86 QiuJu Song/Shutterstock.com

bls. 88 fotohunter/Shutterstock.com

bls. 89 Stasis Photo/Shutterstock.com

bls. 92-93 Martin 125/Shutterstock.com

bls. 97 Radiokafka/Shutterstock.com

bls. 110 tschitscherin/Shutterstock.com

bls. 111 konstantinks/Shutterstock.com

bls. 114 Menntamálastofnun/SW

bls. 129 Wikimedia.org

Aðrar myndir:

Bls. 61 Hundertwasser. 691 Irinaland over the Balkans, 1969 © Hundertwasser Archive, Vienna

bls. 62 W.G. Collingwood/Þjóðminjasafn Íslands

Söguskinna

Í *Söguskinnu* fara lesendur í ferðalag um víðan völl. Textar bókarinnar eru fjölbreyttir og fróðlegir og bjóða upp á umræður og vangaveltur. Sagðar eru flökkusögur, gluggað í dagbækur, rýnt í umhverfi og náttúru, farið um framandi slóðir og fræðst um drauga og varúlfa.

Söguskinna er önnur bókin af þremur í röð lestrarbóka og er einkum ætluð nemendum á miðstigi grunnskóla.


Edda Pétursdóttir og Þórdís Gísladóttir völdu efni, sömdu texta og verkefni.

Kennsluleiðbeiningar eru aðgengilegar á vef Menntamálastofnunar www.mms.is



m MENNTAMÁLASTOFNUN
40038

ISBN 978-9979-0-1998-5



9 789979 019985